# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

193. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 18. ÁGÚST 2017





Spænska þjóðin er harmi slegin eftir hryðjuverkaárás sem framin var á Römblunni í Barcelona í gær. Maður keyrði sendiferðabíl niður göngugötu með þeim afleiðingum að þrettán eru látnir og áttatíu voru fluttir á sjúkrahús. Lögregla handtók tvo menn í gær en hvorugur er talinn árásarmaðurinn. Sjá síðu 12. NORDICPHOTOS/AFP

# Hræin óhreyfð viku eftir tilmæli MAST

**Hestar sem skotnir voru að tilmælum Matvælastofnunar í síðustu viku liggja enn eins og hráviði um landareignina Skriðuland í Hörgársveit. Héraðsdýralæknir segir að mannúðlega hafi verið að verki staðið en ekki var farið eftir reglugerð um velferð hrossa.**

**EYJAFJARÐARSVEIT** Matvælastofnun (MAST) lét skjóta fjóra graðhesta á færi á Skriðulandi í Hörgársveit á fimmtudaginn í síðustu viku. Viku seinna hafði hræjunum ekki verið fargað og lágu eins og hráviði um landareignina.

Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir á svæðinu, segir mannúðlega að verki staðið við drápið á hrossunum en ekki var farið eftir reglugerð um velferð hrossa.

Matvælastofnun fékk dýralækni með stórt skotvopn til að mæta á staðinn. Graðhestarnir, sem átti að aflífa, voru reknir inn í hús og teknir út, einn í einu og þeir skotnir á færi við bæinn.

„Þetta var að okkar mati mannúðlegasta mögulega aðferðin við að drepa skepnurnar. Hestunum var smalað inn í hesthús og teknir fram í gerði einn í einu og þeir skotnir í bóginn af stuttu færi. Samkvæmt mínum heimildum drápust þeir samstundis,“ segir Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir Matvælastofnunar á Norðurlandi eystra.

Þegar Ólafur er spurður af hverju hrossin hafi ekki verið skotin í hausinn segir hann bógskot vera mannúðlegri aðferð. „Það á að drepa hross á þennan hátt. Ef einhver hefði skotið hross í hausinn yrði ég reiður því það á ekki að viðhafa þau vinnubrögð,“ segir Ólafur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa ábúendur áður komist í kast við Matvælastofnun vegna vanbúnaðar. Einnig hefur eigandi jarðarinnar, sem býr á Brimnesi, komist í kast við MAST sem fór fram á vörslusviptingu alls bústofns hans í janúar á þessu ári. Þá var á fimmta tug nautgripa sent í sláturhús og aflífað þar. Fimm graðhestar eru nú eftir á jörðinni sem héraðsdýralæknir telur að ábúendur geti annast.

– sa / sjá síðu 8

## Auglýsti eftir mublum og fékk skammir

**SAMFÉLAG** Nauðsynlegan húsbúnað vantar á frístundaheimilinu Klettur í Hafnarfirði. Þó tekur heimilið á móti fötluðum ungmennum eftir helgi. Forstöðumaður Kletts auglýsti eftir húsgögnum á Facebooksíðu sinni en var tjáð að það bryti gegn innkaupastefn. „Þetta er svolítið lýsandi dæmi um það hvernig er tekið á málaflokknum í bænum,“ segir Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn.

– jóe / sjá síðu 10



Gunnar Axel Axelsson


### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um hryðjuverkaárásir og kvíða. 17

**SPORT** Gylfi Þór er kominn til enska úrvalsdeildarliðsins Everton og þjóðin bíður spennt eftir því að sjá hvernig honum farnast þar. 22



**MENNING** Dodda Maggý skoðar samskynjun okkar í gegnum myndlist á sýningunni Variations. 30

**LÍFIÐ** Jónas Heiðarr er landsins færasti barþjónn og keppir fyrir Íslands hönd í World Class barþjónakeppninni. 42

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Áfram verður norðlæg átt í dag, 5-13 m/s en hvassara suðaustanlands. Dregur úr vindi þar seint í kvöld. Rigning með köflum á Norður- og Austurlandi og fremur svalt en úrkomuminna seinnipartinn.

SJÁ SÍÐU 26

# Skólasetning númer 172



Það er tilfinningaþrungin stund að byrja í framhaldsskóla. Blandast þar saman spenna, tilhlökkun, kvíði og undrun svo fátt eitt sé talið. Mátti greina þessar tilfinningar þegar Menntaskólinn í Reykjavík var settur í 172. sinn. Var þetta í síðasta sinn sem Yngvi Pétursson rektor setur skólann en hann mun láta af störfum í haust. Rektor hvatti nemendur til að sinna náminu vel, hlúa að vináttunni og ganga glöð og bjartsýn inn í veturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sjálfstæðiskonur gagnrýna leiðtogakjör

**STJÓRNMÁL** Arndís Kristjánsdóttir, formaður Hvatar, félags Sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, gagnrýnir boðað leiðtogakjör flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar á næsta ári. Verði tillagan um leiðtogakjör samþykkt munu flokksmenn velja þann sem leiðir lista flokksins, en uppstillingarnefnd mun hins vegar raða í önnur sæti. Skiptar skoðanir eru meðal Sjálfstæðismanna um þessa leið. „Þessi tillögugerð er því fráleit í ljósi þeirrar þróunar sem nú stendur yfir í stjórnmálum og hún er til þess fallin að skaða Sjálfstæðisflokkinn í bráð og lengd. Aukin aðkoma almennings og aukið lýðræði eru lykilhugtök í stjórnmálum þessa dagana,“ ritar Arndís í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

Arndís segir að flokkar sem ekki þróast með samtíma sínum og tíðaranda séu í mikilli hættu. Það sé því furðulegt að þrengja eigi aðkomu almennra flokksmanna að vali á framboðslistann. „Þessi tillaga færir Sjálfstæðisflokkinn áratugi aftur í tímann, frá fólkinu í átt að klíku- og fámennisstjórnmálum.“

Þannig sé nauðsynlegt að lögð verði fram rök fyrir því að þessi leið verði farin. „Ef Sjálfstæðisflokkurinn treystir ekki eigin félagsmönnum, fólkinu sem myndar Sjálfstæðisflokkinn, hversu líklegt er þá að almenningur treysti Sjálfstæðisflokknum?“ spyr Arndís. – khn / sjá síðu 20



Arndís Kristjánsdóttir, formaður Hvatar, félags Sjálfstæðiskvenna í Reykjavík

# Lagabreyting vegna óskýrs verklags á LSH

**HEILBRIGÐISMÁL** Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra hyggst leggja fram tvö frumvörp, er varða breytingar á lögum um landlækni og lýðheilsu annars vegar og lög um dánarvottorð hins vegar, sem eiga að skýra viðbrögð og verklag á sjúkrastofnunum þegar alvarleg atvik koma upp. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær sagði hann nauðsynlegt að læra af reynslunni en í grunninn séu frumvörpin viðbrögð við reynslunni af óskýru verklagi í kjölfar alvarlegra atvika á spítalanum. „Það verða skýrari vinnureglur ef að hlutir koma upp. Það gerir það þá auðveldara að bregðast við og rannsaka hvað fer úrskeiðis til þess að læra af því," segir Óttarr. - ss



# Gylfi og Guttagarður heilla alla Íslendinga

**Búast má við töluverðri fjölgun í Everton-klúbbi Íslands eftir að Gylfi Þór Sigurðsson var keyptur þangað fyrir háa fjárhæð. Íslendingar spyrja mikið um ferðir til Liverpool-borgar og reiknað er með mikilli sölu á Everton-búningum.**




**SAMFÉLAG** „Það er búið að koma mjög mikið af fyrirspurnum að undanförnu. Það eru greinilega mjög margir sem vilja sjá Gylfa spila og mér sýnist að Guttagarður sé málið,“ segir Þór Bæring hjá Gaman Ferðum en hann býður upp á ferðir til Liverpool-borgar ásamt miðum á Goodison Park, sem stundum hefur verið nefndur Guttagarður.

Eftir að Gylfi skrifaði undir hjá Everton hefur sannkallað Evertonæði gripið landann. Samkvæmt svörum hjá knattspyrnuverslunninni Jóa útherja var lítið til af Everton-búningum en búðin var með alla anga úti til að tryggja sér fleiri treyjur. Síminn stoppaði varla eftir að Gylfi skrifaði undir og eftirspurnin gríðarleg eftir bláa búningnum.

Haraldur Örn Hannesson, formaður Everton-klúbbsins á Íslandi, er staddur á Krít en segir að einhver fjölgun hafi orðið á félagsmönnum. Næsti fundur klúbbsins er eftir leikinn gegn Manchester City á mánudag og býst Haraldur við að Ölver, þar sem klúbburinn hittist til að horfa á leiki, verði kjaftfullt. „Ég geri ráð fyrir að okkar félagsmenn mæti allir á Ölver og stuðningsmenn Gylfa sömuleiðis. Þetta verður trúlega fyrsti leikurinn hans gegn liði sem er spáð góðu gengi. Það má því búast við risamætingu.“ Árgjaldið í klúbbinn er 3.000 krónur en ekki er rukkað fyrir stuðningsmenn yngri en 18 ára.




Það má búast við íslendingaflóði á leikjum á Goodison. NORDICPHOTOS/GETTY

Þór segir að engir aðrir Norðurlandabúar séu í Everton sem skipti máli því Gaman Ferðir séu í samstarfi við norrænar ferðaskrifstofur um miða á leiki í ensku deildinni.

„Ég geng í þennan lager og fyrst það eru engir aðrir Norðurlandabúar í liðinu þá er ég nokkuð öruggur um miða á Goodison.

Á síðasta tímabili fóru Svíarnir villt og galið á leiki með Manchester United út af Zlatan Ibrahimovic og einokuðu þar með miðana þangað,“ segir hann. Örskömmu síðar hafði 10 manna hópur keypt sér miða á leik Everton og Watford sem er daginn eftir viðureign Manchester City og Arsenal.

„Það var erfitt að komast til Swansea og fáir sem fóru þangað en það eru mun betri samgöngur til Liverpool þannig að ég sé fram á skemmtilegan vetur,“ bætir hann við.

benediktboas@365.is






Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða og tilboða er til og með 20. ágúst, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Kísilmálmverksmiðja United Silicon annar ekki eftirspurn

**STÓRIÐJA** „Við önnum ekki eftirspurn,“ segir Kristleifur Andrésson, talsmaður United Silicon, um framleiðslu kísilmálmverksmiðjunnar í Helguvík. Félagið hefur flutt út kísilmálm frá Helgavíkurhöfn hálfsmánaðarlega frá því í byrjun desembermánaðar í fyrra og segir Kristleifur verðið á erlendum mörkuðum vera á hraðri uppleið.

„Það eru nægir markaðir og verðið er á hraðri uppleið. Allar spár fyrir næstu ár gera ráð fyrir verulegum hækkunum á afurðaverðinu,“ segir hann.

Kísilmálmverksmiðjan hefur verið starfrækt í níu mánuði. Eins og kunnugt er hafa íbúar Reykjanesbæjar kvartað sáran yfir mengun sem stafar frá verksmiðjunni og hefur Umhverfisstofnun takmarkað starfsleyfi hennar við einungis einn ljósbogaofn.

Í gær ályktaði bæjarráð Reykjanesbæjar að nauðsynlegt væri að stöðva rekstur verksmiðjunnar hið fyrsta á meðan unnið væri að nauðsynlegum úrbótum. Kristleifur segir framleiðsluna hafa gengið upp og ofan frá því hún hófst í fyrra. Hún hafi gengið mjög vel á köflum en miður vel öðru hverju. „Ofninn sem slíkur hefur virkað vel í langan tíma og framleitt mjög góðan málm. Það er hins vegar jaðarbúnaðurinn sem hefur verið að hrekkja okkur.“

Og eftirspurnin er mikil, að sögn Kristleifs. „Við losnum við allar okkar afurðir og þótt miklu meira væri.“ Er ársframleiðsla verksmiðjunnar rúmlega 23 þúsund tonn. **– kij**

> **Ofninn sem slíkur hefur virkað vel í langan tíma og framleitt mjög góðan málm. Það er hins vegar jaðarbúnaðurinn sem hefur verið að hrekkja okkur.**
> Kristleifur Andrésson, talsmaður United Silicon




**Bæjarráðið vill stöðva rekstur kísilversins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Verslanir gefa ekki lengur upplýsingar

**VERSLUN** Rannsóknasetur verslunarinnar hefur hætt birtingu veltuvísitölu dagvöruverslana og nokkurra annarra flokka smásölu. Í tilkynningu frá RVS segir að aðilar með mikla markaðshlutdeild á smásölumarkaði hafi ákveðið að hætta miðlun á upplýsingum um veltutölur sínar.

Smásöluvísitalan hefur verið birt mánaðarlega frá stofnun RVS árið 2004. Frumkvæðið að birtingunni kom upphaflega frá verslunum í landinu og var helsti tilgangurinn að auka gagnsæi mánaðarlegrar þróunar í einstökum tegundum verslunar. Þar sem verslanir vilja ekki lengur veita þessari upplýsingar er þeim sjálfhætt. RVS ætlar að leita annarra leiða við öflun skammtímaupplýsinga um veltu verslunar eftir vöruflokkum. **– bb**

## 11 prósenta arðsemi af grunnrekstri

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Íslandsbanka nam átta milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins og dróst saman um 38 prósent á milli ára. Það lækkaði arðsemi eigin fjár bankans á tímabilinu, úr 12,9 prósentum á fyrri helmingi árs 2016 í 9,2 prósent.

Munurinn á hagnaði bankans á milli ára skýrist einkum af einskiptishagnaði af sölu Borgunar á hlutum í Visa Europe sem var færður til bókar á fyrri helmingi síðasta árs. Þá var arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi 11,2 prósent og stóð nánast í stað á milli ára. Var hún lítillega yfir væntingum, að sögn Birnu Einarsdóttur.



**Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka**

# Fjöldi kókaínfíkla helst í hendur við haldlagt magn

**Fíklum í örvandi efni hefur fjölgað síðustu tvö ár að sögn forstjóra sjúkrahússins Vogs. Tölfræðin sýnir áþekka þróun á haldlögðu magni kókaíns og fjölda þeirra sem leita sér hjálpar við kókaínfíkn ár hvert.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Síðustu tvö ár hefur sjúklingum á Vogi, sem greindust fíknir í örvandi vímuefni, verið að fjölga á ný. Athyglisvert er að þróun á fjölda þeirra sem leita sér aðstoðar vegna kókaínfíknar undanfarin ár fylgir að mörgu leyti þróuninni yfir það magn efnisins sem lögregla og tollgæsla leggur hald á. Árin 2006 til 2008 voru hápunktur í fjölda þeirra sem greindir voru með kókaínfíkn á Vogi en síðan fækkaði þeim snarlega eftir hrun og hefur verið að fjölga að undanförnu. Sömu sögu er að segja af magni haldlagðs kókaíns sem var umtalsvert í góðærinu 2006 að hruni 2008. Minna af kókaíni var svo haldlagt árin eftir hrun en það hefur síðan aukist snarlega frá árinu 2015.

Fréttablaðið fjallaði í gær um sprenginguna sem orðið hefur í kókaíninnflutningi til Íslands þar sem tollgæslan á Keflavíkurflugvelli lagði hald á tæplega 21 kíló af efninu á fyrstu sjö mánuðum ársins. Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sagði lögreglu finna fyrir því í störfum sínum að meira væri af kókaíni í umferð en oft áður.

Valgerður Á. Rúnarsdóttir, forstjóri Sjúkrahússins Vogs, segir að ekki sé hægt að svara að svo stöddu hvort þeim sjúklingum sem leita sér hjálpar vegna kókaínfíknar hafi fjölgað það sem af er árinu 2017. Þær tölur séu teknar saman í lok hvers árs. Almennt hafi orðið aukning á fíkn í örvandi efni á ný eftir hrun og árin sem fylgdu í kjölfarið, að undanskilinni fíkn í efni á borð við Ritalín.

„Síðan er þetta augljóslega miklu meira aftur síðustu tvö árin. En hvort aukning hafi orðið á síðustu mánuðum er ekkert sem við merkjum í okkar daglegu störfum, en það sést betur þegar búið er að telja upp árið og það liggur fyrir.“

Grímur Grímsson sagði í Fréttablaðinu í gær að í síðasta góðæri hafi lögregla orðið vör við aukna notkun kókaíns og sama væri uppi á teningnum í efnahagslegum uppgangi síðustu missera.

Eins og sjá má á meðfylgjandi línuritum, sem sýna annars vegar fjölda sjúklinga á Vogi sem greindust fíknir í kókaín samkvæmt ársriti SÁÁ og hins vegar upplýsingar sem Fréttablaðið tók saman úr afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra um haldlagt magn kókaíns undanfarin ár, eru sveiflurnar áþekkar. Haldlagt magn kókaíns hverju sinni virðist því gefa vísbendingar um eftirspurnina og neyslu hverju sinni.

Ef svo er gæti þróunin í ár verið áhyggjuefni. **mikael@frettabladid.is**

> **Hvort aukning hafi orðið á síðustu mánuðum er ekkert sem við merkjum í okkar daglegu störfum, en það sést betur þegar búið er að telja upp árið** Valgerður Á. Rúnarsdóttir, forstjóri Sjúkrahússins Vogs.



### Haldlagt magn kókaíns á Íslandi




### Fjöldi sjúklinga á Vogi sem greindust fíknir í kókaín




**Heimild:** Ársrit SÁÁ.




# 25%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓLAVÖRUM 18.-20. ÁGÚST



Verðdæmi **1.867** fullt verð 2.489




Verðdæmi **13.499** fullt verð 17.999



Verðdæmi **97** fullt verð 129

Yddari með margföldunartöflunni




Verðdæmi **97** fullt verð 129

Staedtler Rapsol strokleður stórt



Verðdæmi **734** fullt verð 979

Tímaritabox úr við



Verðdæmi **49** fullt verð 65

Plastmappa glær forsíða, A4




Verðdæmi **1.424** fullt verð 1.899

Casio vasareiknir




Verðdæmi **179** fullt verð 239

Stílabók A4 vírheft, 5 litir




Verðdæmi **277** fullt verð 369

Límstifti, UHU, 8gr.




Verðdæmi **194** fullt verð 259

Skrúfblýantur 0,5 Energize



Verðdæmi **149** fullt verð 199

Skrúfblýantur 0,5 Energize

Gildir til 20. ágúst á meðan birgðir endast. Allt úrval fæst í Smáralind, Skeifunni og Garðabæ minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Vill samkeppni um nýja mynd eftir hvarf sjóarans

**MYNDLIST** Efnt verður til samkeppni um nýja mynd á vegg Sjávarútvegshússins í stað sjómannsmyndarinnar sem málað var yfir á dögunum. Ráðherrar ráðuneytanna í húsinu, þær Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Þórdís Kolbrún Reykfjörð, vilja efna til samkeppni og að fimm manna dómnefnd velji húsinu mynd sem fellur vel að þeirri starfsemi sem er í því.

Hugmyndin hefur verið rædd meðal þeirra í húsinu eru og allir eru sammála um að veggirnn skuli prýða mynd sem fellur að starfsemi hússins líkt og hin horfna mynd gerði. „Við eigum eftir að forma þetta aðeins betur. Ég er með ákveðna hugmynd en við munum líka ráðfæra okkur aðeins við SÍM, Samband íslenskra myndlistarmanna, um formið á þessu. Ég held að þetta verði bara skemmtilegt.“

> Ég er með ákveðna hugmynd en við munum líka ráðfæra okkur aðeins við SÍM, Samband íslenskra myndlistarmanna, um formið á þessu. Ég held að þetta verði bara skemmtilegt.
>
> Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.



Aðspurð segir Þorgerður ekkert mæla gegn því að sama mynd eða mynd eftir sama listamann fari aftur á vegginn. „Það getur verið þessi sama, það getur verið einhver önnur, það yrði bara dómnefndarinnar að meta og auðvitað átta sig á því hvaða mynd misbýður ekki sómakennd nágrannanna.“ – aá

DOMUS MENTIS Geðheilsustöð

**Domus Mentis – Geðheilsustöð leitar að ritara/móttökustjóra í 80% starf.**

***Domus Mentis –Geðheilsustöð býður upp á þverfaglega þjónustu fyrir einstaklinga og fjölskyldur með það fyrir augum að stuðla að auknum lífsgæðum og geðheilsu fólks.***

Domus Mentis – Geðheilsustöð leggur áherslu á að fólk sem leitar til okkar fái faglega þjónustu og sé mætt með hlýlegu og jákvæðu viðmóti. Hjá okkur starfar þverfaglegur hópur heilbrigðisstarfsfólks sem býr yfir víðtækri þekkingu á geðlækningum, fjölskyldumeðferð og sálmeinarfræði. Ritari starfar því með stórum hópi sérfræðinga og tekur á móti skjólstæðingum þeirra.

Því leggjum við áherslu á að móttökustjóri okkar sé með ríka þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Einnig er gerð krafa um nákvæm vinnubrögð, skipulagshæfni og góða almenna tölvukunnáttu. Við bjóðum upp á fjölbreytt starf í lifandi starfsumhverfi þar sem allir leggjast á eitt við að veita góða þjónustu og skapa góðan vinnustað.

**Áhugasamir sendi starfsferilsskrá á dmg@dmg.is**

**Öllum umsóknum verður svarað**

Menningarnótt



HLJÓMSVEIT GEIRMUNDAR VALTÝSSONAR 18.-19. ÁGÚST 2017

Menningarnæturdansleikir með Geirmundi Valtýs og Hljómsveit – Finnbogi Kjartansson, Gunnar Ringsted, og Kristján Kristjánsson föstud. og laugard.

TILBOÐ!

„SURF & TURF“
Nautalundir og humar,
4.990 kr. um helgina

KRINGLU KRÁIN Stofnuð 1. mars 1989

www.kringlukrain.is

## Vinir og vandamenn kvaddir



Venesúelskir hermenn stóðu vaktina við líkhúsið í bænum Puerto Ayacucho þegar líkkistur þeirra 37 sem féllu í fangelsisóeirðum aðfaranótt miðvikudags voru sóttar í gær. Yfirvöld á svæðinu eru harmi slegin yfir ofbeldinu og hefur verið greint frá því að fjórtán starfsmenn fangelsisins hafi særst í átökum við fanga. Ekki hefur verið tilkynnt hvort starfsmenn fangelsisins séu á meðal hinna látnu. NORDICPHOTOS/AFP

# Bílstjóri færður til eftir ósætti við ráðherra

**Bílstjóri fjármála- og efnahagsráðherra var sendur til annarra starfa eftir að honum sinnaðist við ráðherrann. Bílstjórinn tjáir sig ekki um atvikið. Ráðuneytisstjórinn segir algengt að bílstjórar færist milli ráðuneyta.**

**STJÓRNSÝSLA** Bílstjóri Benedikts Jóhannessonar, fjármála- og efnahagsráðherra, var sendur til annarra starfa innan stjórnarráðsins eftir að honum sinnaðist við ráðherrann í vor.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sinnaðist ráðherranum og bílstjóranum þegar sá síðarnefndi, Magnús Helgi Magnússon, kom til að sækja ráðherrann í Alþingishúsið eftir umræður um fjármálaáætlun í vor. Magnús Helgi er enn starfsmaður stjórnarráðsins en ekur í afleysingum fyrir aðra bílstjóra. Magnús hefur ekki viljað tjá sig um málið við Fréttablaðið. „Eins og gefur að skilja er það ekki mitt hlutverk að tjá mig við fjölmiðla ef það tengist vinnunni. Til þess eru aðrir í ráðuneytunum,“ sagði Magnús Helgi í skilaboðum til Fréttablaðsins þegar hann var innt ur eftir svörum. Magnús er reyndur ráðherrabílstjóri og áður en hann vann fyrir Benedikt ók hann forverum hans, Bjarna Benediktssyni og Oddnýju Harðardóttur, í tíð þeirra sem fjármálaráðherra. Hann hefur að auki ekið ráðherrum í öðrum ráðuneytum.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, segir það gerast oft að bílstjórar fari á milli ráðuneyta og ráðherra. „Það geta verið fyrir því ýmsar ástæður. Oft er þetta nú bara ákveðið í tengslum við stjórnarmyndun eða þegar ný ríkisstjórn tekur við. En það er aldrei litið svo á að sú skipting sé sú endanlega heldur geti verið tilfærslur og breytingar hvenær sem er.“

### Uppsögn krefst áminningar

Samkvæmt 21. grein og 44. grein laga um opinbera starfsmenn verður starfsmanni ekki sagt upp störfum nema að hann hafi fengið áminningu í starfi áður. Hins vegar segir í 7. grein sömu laga að heimilt sé, án þess að starf sé auglýst laust til umsóknar, að ákveða að starfsmaður sem er ráðinn ótímabundið til starfa flytjist um afmarkaðan tíma eða varanlega milli stjórnvalda enda liggi fyrir samþykki viðkomandi forstöðumanns fyrir flutningnum og starfsmannsins sjálfs.

> Eins og gefur að skilja er það ekki mitt hlutverk að tjá mig við fjölmiðla
>
> Magnús Helgi Magnússon, starfsmaður stjórnarráðsins

Guðmundur segist ekki tjá sig um heimildir Fréttablaðsins um að ráðherranum og bílstjóranum hafi sinnast. „Við viljum ekki tjá okkur um sögusagnir,“ segir Guðmundur en ítrekar að það sé algengt að bílstjórar færist til á milli ráðuneyta. „Oft hefur það verið þannig að það hafa myndast tengsl milli manna og menn hafa haldið áfram samstarfi þó að þeir hafi farið milli ráðuneyta eða ríkisstjórna.“

Fréttablaðið hafði samband við aðstoðarmann Benedikts Jóhannessonar í gær. Hann gaf þau svör að ráðherra myndi ekki tjá sig við fjölmiðla um málefni einstakra starfsmanna ráðuneytisins.



Benedikt Jóhannesson

jonhakon@frettabladid.is




## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Hestarnir voru skotnir í bóginn en það samræmist ekki reglugerð um velferð hrossa. Hesta á að aflífa með skoti í ennið. Eiganda hrossanna var falið að farga hræjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

# Hrossin eins og hráviði einni viku síðar

**Fjórir graðhestar sem skotnir voru á færi að tilmælum Matvælastofnunar í síðustu viku liggja enn eins og hráviði um landareignina Skriðuland. Héraðsdýralæknir segir að mannúðlega hafi verið að verki staðið en ekki var farið eftir reglugerð um velferð hrossa.**





Tveir graðhestar voru komnir nokkuð langt frá gerðinu þegar þeir drápust. Á myndinni til hægri má sjá hvernig dýrið flæktist í girðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

**EYJAFJARÐARSVEIT** Matvælastofnun (MAST) lét skjóta fjóra graðhesta á færi á Skriðulandi í Hörgársveit á fimmtudaginn í síðustu viku. Viku seinna hafði hræjunum ekki verið fargað og lágu þar eins og hráviði um landareignina. Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir á svæðinu, segir mannúðlega að verki staðið við drápið á hrossunum en ekki var farið eftir reglugerð um velferð hrossa.

Upphaf málsins má rekja til þess að á annan tug graðhesta var í fóðurlitlu hólfi á Skriðulandi. Skemmdu þeir girðingar til að brjóta sér leið út úr hólfinu í leit að æti og hlupu á fjall. Þar lenti þeim saman við annað stóð í eigu nærliggjandi bæja sem í voru hryssur, folöld og geldingar. Slógust stóðhestarnir svo mjög að störsá á þeim og því þurfti að aflífa fjóra þeirra.

Það var gert í síðustu viku. Matvælastofnun fékk dýralækni með stórt skotvopn til að mæta á staðinn. Graðhestarnir, sem átti að aflífa, voru reknir inn í hesthús og teknir út, einn í einu og þeir skotnir á færi við bæinn. „Þetta var að okkar mati mannúðlegasta mögulega aðferðin við að drepa skepnurnar. Samkvæmt mínum heimildum drápust þeir samstundis,“ segir Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir Matvælastofnunar á Norðurlandi eystra.

Af myndum að dæma hafa tveir graðhestarnir samt sem áður borist nokkuð langa leið frá gerðinu fyrir framan hesthúsið. Rauður stóðhestur liggur langt niðri á túni við húsið og brúnn hestur hefur hlaupið úr gerðinu og fest sig í girðingu hinum megin við gerðið og drepist þar.

> **Hef ég gefið eiganda jarðarinnar sólarhring til að farga hrossunum**
>
> Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir Matvælastofnunar á Norðurlandi eystra

Aðspurður af hverju hrossin hafi ekki verið skotin í hausinn segir Ólafur bógskot vera mannúðlegri aðferð. „Það á að drepa hross á þennan hátt. Ef einhver hefði skotið hross í hausinn yrði ég reiður því það á ekki að viðhafa þau vinnubrögð,“ segir Ólafur.

Hins vegar segir í 14. grein reglugerðar um velferð hrossa að aflífa eigi hross með því að skjóta þau í ennið. „Heimilt er að aflífa hross með skoti í enni […] með skotvopni með lausu skoti. Einnig er heimilt að nota pinnabyssu með pinna sem gengur inn í heila.“ Einnig segir í sömu grein að forðast skuli að hross og önnur dýr verði þess vör.

Ljóst er að ekki var farið eftir þessu ákvæði í reglugerð um velferð hrossa; velferð sem Matvælastofnun á að gæta. Að mati MAST var ekki talin ástæða til að fara með hrossin í sláturhús.

Þegar dýralæknirinn sem MAST fékk til verksins, í viðurvist starfandi héraðsdýralæknis, hafði lokið sér af við að skjóta hestana, gengu þeir af vettvangi og létu það eigendum hrossanna eftir að farga þeim og koma þeim fyrir samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Eigandinn hafði hins vegar verið sviptur umráðum yfir þessum hrossum. Viku seinna hafði hann enn ekki fargað þeim. Héraðsdýralæknir segir það óásættanlegt en telur að Matvælastofnun hafi ekki átt að sjá um förgun hrossanna eftir að hafa tekið ákvörðun um að drepa þau. „Við lögðum það í hendur ábúenda að farga þessum hrossum. Ég hafði svo af því spurnir í gær [fyrradag] að ekki væri búið að farga þeim. Hef ég gefið eiganda jarðarinnar sólarhring til að farga hrossunum,“ segir Ólafur.

Eftir standa fimm graðhestar á jörðinni sem héraðsdýralæknir telur að ábúendur geti annast. Hrossin séu í góðum holdum og sé gefið hey í hólfið þar sem þau eru í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa ábúendurnir hins vegar áður komist í kast við Matvælastofnun vegna vanbúnaðar. Einnig hefur eigandi jarðarinnar, sem býr á Brimnesi, komist í kast við MAST og fór fram vörslusvipting alls bústofns hans í janúar á þessu ári. Þá var á fimmta tug nautgripa sent í sláturhús og aflífað þar.

sveinn@frettabladid.is


OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 19. ÁGÚST KL. 11:00 TIL 13:00




Opið hús í Gráhellu 62 á Selfossi

89,5 m² íbúð á kr. 29.900.000,-

91,7 m² íbúð á kr. 30.500.000,-

110,6 m² íbúð á kr. 32.900.000,-

Falleg, ný og viðhaldslétt raðhús í nýju fjölskylduvænu hverfi á Selfossi, skammt frá Sunnulækjarskóla auk þess sem leikskóli, FSu, verslun og íþróttaaðstaða er í göngufæri.
Lóð skilast frágengin með malbikuðu bílastæði framan við hús og baklóð þökulögð.
Um er að ræða vandaðar og skemmtilegar íbúðir sem eru góður kostur fyrir þá sem eru t.d að stíga sín fyrstu skref á íbúðarmarkaðnum eða þá sem vilja minnka við sig og komast í ný og viðhaldslétt hús.

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR
Austurvegi 6, 2. hæð, Selfossi
Sími 482-4800, 894-2045 (Þorsteinn) og 856-2300 (Árni)
www.arborgir.is - arborgir@arborgir.is

# Ford TRANSIT




FORD TRANSIT **CONNECT**
FRÁ **2.056.000** KR. ÁN VSK
2.550.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

FORD TRANSIT **CUSTOM**
FRÁ **3.016.000** KR. ÁN VSK
3.740.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

FORD TRANSIT **VAN**
FRÁ **3.866.000** KR. ÁN VSK
4.795.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**
**FÁANLEGUR MEÐ FJÓRHJÓLADRIFI**

# VINSÆLASTIR!

**ENN BETRA VERÐ!**
**BÍLAR TIL AFHENDINGAR STRAX!**

Transit eigendur hafa í áratugi sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford sendibíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda vinnuþjarkar, sparneytnir og þekktir fyrir lága bilanatíðni. Í fyrra var Ford Transit mest seldi sendibíll í heimi.

Transit er ríkulega búinn m.a. með Bluetooth, olíumiðstöð með tímastillingu (alltaf heitir á morgnana), spólvörn, brekkubremsu og aksturstölvu.

Brimborg leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við Transit eigendur enda leggja þeir traust sitt á sendibíla frá Ford.

***Ford er frábær!***
***Komdu í Brimborg og tryggðu þér Transit sendibíl á enn betra verði!***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



**Grjótveggurinn við Miklubraut er um 380 metrar og er handgerður frá a-ö.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Handtína hvern stein ofan í

**SAMFÉLAG** „Ég veit ekki hvað steinarnir eru margir en þeir eru helvíti margir,“ segir Björn Sigurðsson, eigandi Bjössa ehf. sem sér um að hlaða grjótvegginn við Miklubraut en það sem vegfarendur munu sjá verður allt fyllt með höndunum, stein fyrir stein. „Við þurfum að raða steinunum fallega því þá lítur veggurinn fallega út. Þetta er samt líka gert til að uppfylla öryggiskröfur,“ segir Björn.

Grjótveggurinn kostar um tuttugu milljónir króna en hann var gagnrýndur í fréttum Stöðvar 2 á miðvikudag. Sagði Ólafur Kr. Guðmundsson, sérfræðingur í umferðaröryggi, að hann skildi ekki tilganginn með þessum vegg enda sé veggurinn skilgreindur sem hljóðmön en engar íbúðir séu þarna – þær séu hinum megin.

Björn býst við að vera mánuð til viðbótar að hlaða vegginn sem er um 380 metrar. „Það er verið að vanda til verka og því tekur þetta lengri tíma. Við erum 14-16 sem erum að gera þetta og veggurinn verður mjög flottur þegar hann verður tilbúinn. Það er búið að gera svona veggi víða en hvergi hefur verið nostrað jafn mikið og við erum að gera – enda eru þeir ekki jafn smart og þessi verður.“ **– bb**

# Fötluð ungmenni mæta í hálftómt frístundaheimili

Starf Frístundaklúbbsins Kletts í Hafnarfirði hefst eftir helgi en húsnæðið stendur að mestu tómt. Vantar húsgögn og leikföng. Forstöðumaðurinn auglýsti eftir notuðum húsbúnaði en fékk skömm í hattinn. „Samræmist ekki vinnureglum hjá bænum“, segir forseti bæjarstjórnar en segir málið í farvegi.

**HAFNARFJÖRÐUR** Starf frístundaheimilis fyrir fötluð börn og unglinga í Hafnarfirði hefst eftir helgi þrátt fyrir að þar vanti ýmsan nauðsynlegan húsbúnað og leikföng. Forstöðumaður frístundaheimilisins fékk skömm í hattinn fyrir að auglýsa eftir húsgögnum og öðru dóti fyrir bæinn á eigin vegum.

„Þetta er svolítið lýsandi dæmi um það hvernig er tekið á málaflokknum í bænum,“ segir Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn. Gunnar segir ólíðandi að starfsemi eigi að hefjast eftir helgi og húsið standi að mestu tómt.

Forstöðumanninum, Guðbjörgu Magnúsdóttur, var tjáð að það bryti gegn innkaupastefnu Hafnarfjarðarbæjar að einstakir starfsmenn kaupi inn vörur fyrir bæinn á eigin vegum. Frístundaklúbburinn Kletturinn býður upp á tómstundir fyrir fötluð börn og unglinga í 5.-10. bekk eftir að hefðbundnu skólahaldi lýkur. Kletturinn hefur samnýtt húsnæði með vinnuskóla bæjarins þannig að heimilið hefur flutt út yfir sumartímann. Nú á það hins vegar að flytja í varanlegt húsnæði í Smyrlahrauni.

Starfsemi á að hefjast á næstu dögum en ýmislegt vantar í húsnæðið til að hægt sé að hefja leik. Forstöðumaður Klettsins auglýsti því á Facebook-síðu sinni eftir ísskáp, sófa, stólum og ýmissi afþreyingu í heimilið.

„Þarna var um að ræða frumkvæði starfsmanns sem er góðra gjalda vert. Hún hafði gert þetta áður hjá Reykjavíkurborg en þetta samræmist ekki vinnureglum hjá bænum,“ segir Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar. Hún segir málið í farvegi en tekur fram að öllum sé heimilt að gefa heimilinu húsgögn eða leikföng. Einstakir starfsmenn megi aftur á móti samkvæmt reglum ekki auglýsa eftir slíku. Unnið sé að kostnaðaráætlun til að unnt sé að tryggja að aðbúnaður verði við hæfi.

johannoli@frettabladid.is



**Kletturinn flytur í varanlegt húsnæði í Smyrlahrauni. Enn vantar mublur og leikföng fyrir börnin.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn**



**Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar**




ÁRSFUNDUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Rannsóknir eru undirstaða nýsköpunar – þekkingin drifkraftur framfara

**Ársfundur Háskóla Íslands verður haldinn í Hátíðasal í Aðalbyggingu Háskólans, Sæmundargötu 2, þriðjudaginn 22. ágúst 2017 kl. 9.00-10.30**

Fundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is




**Skólastarf í Hrafnagilsskóla.** MYND/HEIDA.IS

## Starfsánægja á skóla- og frístundasviði eykst

**SAMFÉLAG** Samkvæmt viðhorfskönnun meðal starfsfólks skóla- og frístundasviðs frá í vor finnst flestum vinnustaður sinn hafa góða ímynd og eru stoltir af honum. Þá benda niðurstöður til þess að starfsmenn séu á heildina litið ánægðir í starfi og þeim líði vel í vinnunni. Starfsfólk hjá skóla- og frístundasviði telur sig einnig búa við starfsöryggi og upplifa sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar sýna að fleira starfsfólki skóla- og frístundasviðs finnst ímynd vinnustaðarins góð samanborið við sambærilega könnun sem gerð var fyrir tveimur árum. Alls finnst 86 prósentum starfsfólks vinnustaðurinn hafa góða ímynd og 88,5 prósent eru stolt af vinnustaðnum sínum. Ánægja með starfsanda eykst einnig milli ára, nær 88 prósentum starfsfólks finnst samstarfsfólkið miðla þekkingu sinni í meiri mæli en áður og að samvinna á vinnustaðnum sé góð. Þá benda niðurstöður könnunarinnar til þess að starfsmenn séu á heildina litið ánægðir í starfi, eða 85,6 prósent þeirra, og 87 prósentum líði vel í vinnunni.

Alls telja 85,7 prósent starfsfólks sviðsins sig búa við starfsöryggi og átta af hverjum tíu starfsmönnum telja sig hafa sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf. Könnunin náði til 8.121 starfsmanns. Alls bárust 5.226 svör og var svarhlutfallið því 64 prósent. **– bb**

# Miðbæjarrölt fjölskyldunnar

## Á MENNINGARNÓTT

**Gjafaleikur ICEWEAR milli kl. 13:00 og 18:00 á Menningarnótt.**







### Miðbæjarkort ICEWEAR

Nálgastu Miðbæjarkort ICEWEAR með götumynd af miðbænum og safnaðu stimplum í verslunum okkar á Menningarnótt og fáðu glaðning fyrir börnin.

### Húfa eða eyrnaband í verðlaun

Þeir krakkar sem safna stimplum í fimm verslunum ICEWEAR fá húfu eða eyrnaband frá okkur að gjöf.

### Tónlistaratriði

Tónlistaratriði á milli kl. 13:00 og 17:00 Lúðrasveit lýðveldissins spilar af fingrum fram fyrir gesti og gangandi.

## Safnaðu stimplum

í verslunum ICEWEAR




Komdu við í næstu ICEWEAR verslun okkar í miðbæ Reykjavíkur og fáðu Miðbæjarkort ICEWEAR. Taktu þátt í skemmtilegum leik um leið og þú nýtur þess að rölta Laugaveginn með fjölskyldunni á menningarnótt.

STIMPILL Austurstræti 5

STIMPILL Laugavegur 91

STIMPILL Þingholtsstræti 2

STIMPILL Laugavegur 1

STIMPILL Vesturgata 4




**ÚTSALA**

**ATH! 20-50% afsláttur af öllum fatnaði og skóm á útsölu Icewear Magasín Laugavegi 91.**

**www.icewear.is**

ICEWEAR ICELAND



**Mitsubishi Pajero Instyle 3.2 DID**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 83 þús. Ásett verð: 5.940.000
Tilboðsverð: 5.340.000



**Mitsubishi Pajero Instyle 3.2 DID**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 36 þús. Ásett verð: 6.790.000
Tilboðsverð: 6.290.000



**Mitsubishi Outlander Intense 2.4**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Bensín/ Ekinn 61 þús. Ásett verð: 3.790.000
Tilboðsverð: 3.340.000

得

NOTAÐIR MITSUBISHI BÍLAR Á 100 ÁRA AFMÆLISTILBOÐI



**Mitsubishi Outlander Intense 2.2 DID**
Árgerð 2015 / Beinskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 12 þús. Ásett verð: 4.350.000
Tilboðsverð: 3.990.000



**Mitsubishi Pajero Instyle 3.2 DID**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 88 þús. Ásett verð: 6.490.000
Tilboðsverð: 5.890.000



**Mitsubishi Outlander Intense 4x4 2.2 DID**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 49 þús. Ásett verð: 4.140.000



**Mitsubishi Outlander Intense 2.0**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Bensín / Ekinn 56 þús. Ásett verð: 3.890.000
Tilboðsverð: 3.390.000



**Mitsubishi ASX 2.2 DID**
Árgerð 2016 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 24 þús. Ásett verð: 3.940.000
Tilboðsverð: 3.590.000



**Mitstubishi Outlander Intense 2.2 DID**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 31 þús. Ásett verð: 4.290.000

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040




Íbúar Barcelona eru harmi slegnir yfir atburðum gærdagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Harmleikur í Barcelona

**Á annan tug lét lífið í hryðjuverkaárás á Römblunni í höfuðborg Katalóníu í gær. Tveir handteknir. Utanríkisráðherra segir öryggismálin í forgangi hjá flestum ríkjum en að ekki sé hægt að útiloka árásir.**

**SPÁNN** Árásarmaður ók sendiferðabíl niður Römbluna, fjölfarna verslunargötu í Barcelona á Spáni, í gær og myrti að minnsta kosti þrettán gangandi vegfarendur. Samkvæmt yfirlýsingu frá spænskum yfirvöldum sem send var út í gærkvöld voru að minnsta kosti áttatíu fluttir á sjúkrahús.

Katalónska lögreglan lýsti því yfir upp úr klukkan fimm í gær að um hryðjuverkaárás væri að ræða og var einn maður handtekinn í tengslum við árásina á sjöunda tímanum. Jafnframt var lýst eftir manni að nafni Driss Oukabir. Oukabir gaf sig fram við lögreglu og greindu spænskir fjölmiðlar frá því að hann segði persónuupplýsingum sínum hafa verið stolið.. Skömmu síðar var því lýst yfir að annar maður hafi verið handtekinn, hvorugur hinna handteknu var hins vegar bílstjórinn.

Íslamska ríkið lýsti yfir ábyrgð á voðaverkinu og sagði í frétt Amaq, fréttastofu ISIS, að árásarmennirnir hafi verið hermenn Íslamska ríkisins.

Árásir sem þessi eru orðnar nokkuð tíðar í stórborgum Evrópu. Til að mynda voru átta myrtir í Lundúnum með sama hætti í júní og fimm í mars, fjórir í Stokkhólmi í apríl, tólf í Berlín í desember 2016 og 86 í Nice í júlí 2016.

„Þetta er auðvitað raunveruleg ógn en sem betur fer eru yfirvöld allra landa að vinna eins vel að þessu og hægt er til að koma í veg fyrir þetta. Eins og hefur komið fram í fréttum hefur það oftar en ekki tekist. Það er ástæða fyrir því að þetta er í forgangi, ekki bara hjá okkur heldur einnig þeim löndum sem við berum okkur saman við,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra, aðspurður um hvort öruggt teljist að ferðast til stórborga Evrópu um þessar mundir.

Guðlaugur Þór segir ómögulegt að útiloka árásir sem þessa fullkomlega en að yfirvöld bæði hér á landi sem og í flestum ríkjum heims hafi öryggismálin í algjörum forgangi. „Því miður er ekki hægt að útiloka þetta. Þessir hugleysingjar og morðingjar sem ganga fram með þessum hætti veigra sér ekki við að ráðast á saklaust fólk.“

„Þetta er eitthvað sem við höfum verið að vinna að, til dæmis á vettvangi Þjóðaröryggisráðsins sem ég tel að hafi verið afskaplega gott að við skyldum setja á laggirnar,“ segir Guðlaugur Þór.

thorgnyr@frettabladid.is

> **Þessir hugleysingjar og morðingjar sem ganga fram með þessum hætti veigra sér ekki við að ráðast á saklaust fólk.**
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra

**13** voru myrtir á Römblunni í Barcelona í gær.




Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
**Já, og meira fyrir peninginn.**

www.honda.is

BERNHARD

**Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is**

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

# Ástand heimsins










**1** Mikil flóð ganga nú yfir Bangladess. Þessir íbúar Sariakandi-héraðs reyndu að veiða fisk í net í flóðvatninu í gær. Að sögn yfirvalda hafa að minnsta kosti 56 látið lífið í flóðunum og hafa þau raskað lífi 4,5 milljóna Bangladessa. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**2** Þessir 33 pólsku hermenn voru fengnir til að taka til í skógi nærri borginni Gleboczek eftir að stormur reif allmörg tré upp með rótum. Rafmagnslínur eyðilögðust einnig í storminum og gerðu verkfræðingar pólska hersins við línurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**3** Miklir skógareldar ógna nú bænum Macao í Portúgal. Hafa íbúar bæjarins orðið innlyksa en slökkviliðsmenn lögðu í gær allt kapp á að slökkva eldana. Að sögn almannavarna í landinu hafði í gær tekist að flytja um 130 manns frá nærliggjandi bæjum. Þetta eru ekki fyrstu skógareldarnir sem hrella bæjarbúa í sumar, það gerðist einnig í júlí. NORDICPHOTOS/AFP

**4** Óeirðalögreglumenn og hondúrskir námsmenn í höfuðborginni Tegucigalpa tókust á í gær. Námsmennirnir hafa tekið yfir nokkrar byggingar UNAH-háskólans í borginni og komið í veg fyrir eðlilegt skólahald. NORDICPHOTOS/AFP










Pottaplöntudagar
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STOFUPLÖNTUM OG POTTUM
FULL BÚÐ AF FERSKUM OG FALLEGUM PLÖNTUM, POTTUM, KÖRFUM, LUKTUM, KERTUM, SERÍUM OFL FYRIR HEIMILIÐ
FRAMUNDAN Í GARÐHEIMUM
2. SEPT- FYRIRLESTUR UM HAUSTVERKIN Í GARÐINUM
9. SEPT - SÝNIKENNSLA Í HAUSTKRANSAGERÐ
16. SEPT - FYRIRLESTUR UM UMHIRÐU STOFUPLANTNA
FYRIRLESTRAR/SÝNIKENNSLA FARA FRAM Á SPÍRUNNI KL 12 Á LAUGARDÖGUM.
AÐGANGUR ÓKEYPIS OG ALLIR VELKOMNIR Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR
GARÐHEIMAR

# Lokahnkykkur



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Aðkoma ríkisins að bönkunum kom til af nauðsyn eftir fjármálaáfallið. Níu árum síðar er sú staða enn uppi að þeir starfa munaðarlausir. Þegar stjórnvöld leystu til sín Íslandsbanka varð ljóst að ríkið sæti uppi með eigið fé í bönkunum sem næmi um 20 prósentum af landsframleiðslu. Eftir á að hyggja voru það mögulega mistök. Betra hefði líklega verið að eftirláta kröfuhöfum Glitnis, rétt eins og í tilfelli Kaupþings, það verkefni að koma bankanum í hendur nýrra og virkra eigenda en um leið tryggja að söluandvirðið færi nánast allt til ríkissjóðs. Fáir stjórnmálamenn sjá nefnilega nauðsyn þess að hefjast handa við að losa um hluti ríkisins í bönkunum heldur tala fremur fyrir óbreyttu ástandi.

Þetta mun nú breytast. Fyrirhugað útboð og skráning Arion banka er um margt einstakt. Útboðið er eitt hið stærsta sem haldið hefur verið og aldrei áður hefur íslenskt fyrirtæki ráðist í hlutafjárútboð sem er markaðssett fyrst og fremst til erlendra fjárfesta. Áhugi þeirra virðist sannarlega vera fyrir hendi. Erlendir sjóðir hafa skráð sig fyrir fjárfestaloforðum fyrir um 100 milljarða. Þar er ekki um að ræða vogunarsjóði heldur einkum erlenda verðbréfasjóði sem eru sumir hverjir jafnframt hluthafar í öðrum bönkum á Norðurlöndum. Aðkoma slíkra sjóða að Arion banka yrði fagnaðarefni – fyrir bankann og íslenskt efnahagslíf.

Hvort af útboðinu verður er hins vegar háð því skilyrði að stjórnvöld staðfesti við Kaupþing að þau falli frá mögulegum forkaupsrétti. Öllum má enda vera ljóst að almennt útboð verður ekki haldið á sama tíma og ríkið segist ætla að halda opnum þeim möguleika að nýta sér forkaupsrétt ef gengið í útboðinu verður undir 0,8 miðað við eigið fé. Slíkt myndi aftra fjárfestum frá þátttöku og koma í veg fyrir að raunverulegt markaðsverð á bankanum yrði leitt fram. Ríkið, sem mun fá meirihluta söluandvirðis hlutarins í sinn hlut, væri með öðrum orðum að skjóta sig í fótinn.

Hvernig kom þessi forkaupsréttur til? Slíkt ákvæði var sett inn í stöðugleikaskilyrði stjórnvalda sem kröfuhafar Kaupþings samþykktu 2015. Þetta var gert til að girða fyrir þann möguleika, sem var vissulega fyrir hendi, að kröfuhafar myndu selja bankann á hrakvirði til erlendra sjóða þar sem þeir sjálfir væru hinir endanlegu eigendur. Með öðrum orðum að þeir tækju snúning á ríkið sem hefði þá orðið af miklum fjármunum. Allir sem þekkja til þessara samninga, meðal annars forsætisráðherra og þáverandi fjármálaráðherra, vita hins vegar að forkaupsrétturinn var aðeins hugsaður við sölu í lokuðu útboði. Í samningunum er gert ráð fyrir því að stjórnvöld falli frá forkaupsréttinum við opið útboð – það væri enda fráleitt að ríkið teldi sig vita betur en markaðurinn hvers virði Arion banki væri.

Útboðið snýst samt ekki aðeins um það hvort ríkið fái nokkrum milljörðum meira eða minna í sinn hlut. Það eru einnig aðrir hagsmunir sem eru undir. Lokahnykkurinn í farsælli endurreisn íslensks efnahagslífs hlýtur að felast í því að koma á eðlilegu eignarhaldi á bankakerfinu. Söluferli Arion banka er fyrsta skrefið á þeirri vegferð. Er það sérstakt keppikefli stjórnvalda að fá þriðja bankann til sín? Því verður vart trúað. Ef svo er þá getur að minnsta kosti Sjálfstæðisflokkurinn farið að snúa sér að einhverju öðru en að þykjast vera málsvari þeirra sem telja að ríkið eigi almennt ekki að koma að áhættusömum bankarekstri.

> **Það væri enda fráleitt að ríkið teldi sig vita betur en markaðurinn hvers virði Arion banki raunverulega væri.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Nafnbreytingin**

**Samfylkingarmenn eru farnir að huga að nafnbreytingu á flokknum, miðað við fréttir sem bárust í gær. Sé horft til síðustu alþingiskosninga, þar sem Samfylkingin galt afhroð, er skiljanlegt að hugmynd af þessu tagi sé skoðuð. Skemmst er að minnast þess þegar Sjálfstæðisflokkurinn fékk andlitslyftingu eftir efnahagshrunið 2008 til að létta ásýnd flokksins. Þegar sjálfstraust flokksforystunnar var sem minnst var virðulegt ræðupúlt, sem hafði einkennt landsfundi flokksins í áraraðir, lagt til hliðar og notast við nýrra dót. En slíkt ástand varði bara til skamms tíma og þegar menn fengu sjálfstraustið á ný tók fylgið líka að aukast.**

**Trú á sjálfan sig**

**Sennilegast myndi það líka verða þannig í tilfelli Samfylkingarinnar. Því að líkt og Sjálfstæðisflokkurinn, þá byggir Samfylkingin á traustum grunni. Flokkurinn kann að tapa tiltrú almennings til skamms tíma eftir innanhússátök og forystukreppu sem skekið hefur flokkinn síðustu ár. En ef menn eru trúir sjálfum sér og hugsa meira um efnislegt innihald en umbúðir vegnar þeim best. Og með smá seiglu þá myndi Samfylkingin ná vopnum sínum á ný.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# „Staðreyndir“ Sigurðar Inga



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra, umgengst staðreyndir býsna kæruleysislega í grein sem hann skrifaði í Fréttablaðið síðastliðinn þriðjudag. Þar segir: „Staðreyndin er sú að búið er að fella niður tolla og lækka. Því er ekki lengur hægt að halda því fram að háir tollar stuðli að háu matvælaverði.“

Skoðum þessa fullyrðingu nánar. Einu matartollarnir sem voru felldir niður á síðasta kjörtímabili voru af vörum úr jurtamjölk og af kartöflusnakki – sem vissulega hefur lækkað í verði. Aðrir matartollar eru áfram einhverjir þeir hæstu í heimi.

Síðasta ríkisstjórn gerði samning við Evrópusambandið um gagnkvæma niðurfellingu tolla og stækkun tollkvóta. Sá samningur mun, ef rétt er á haldið, hafa jákvæð áhrif á matarverð. Meinið er bara að hann hefur ekki tekið gildi og gerir það ekki fyrr en um mitt næsta ár. Hann hefur því ekki haft nokkur einustu áhrif á matvælaverð á Íslandi.

Búvörusamningurinn, sem Sigurður Ingi gerði við Bændasamtökin, hefur hins vegar skert hlut neytenda. Þar var samið um að hækka duglega tolla á innflutt mjólkur- og undanrennuduft og osta. Félag atvinnurekenda hefur reiknað út að þannig hækkaði kostnaðarverð innflytjanda á algengri tegund af osti sem flutt er inn til landsins um 285 krónur á kílóið. Þá er eftir að taka tillit til annarra opinberra gjalda og álagningar, þannig að hækkun til neytenda er enn meiri.

Í íslenzku tollskránni er alla jafna lagður 30% verðtollur á kjöt og mjólkurvörur og svo bætist við magntollur, föst krónutala á kíló sem yfirleitt nemur nokkur hundruð krónum. Samanlagt geta þessir tollar lagzt út á 170-180% rauntoll. Íslenzka ríkið tryggir með öðrum orðum að við komuna til landsins hækki kostnaðarverð innfluttrar vöru hátt í þrefalt. Tollvernd nemur helmingi útsöluverðs alifuglakjöts svo dæmi sé tekið. Ofurtollar eru einn meginskýringarþátturinn í háu matvöruverði á Íslandi, þótt þeir séu ekki eina skýringin.

Þetta eru staðreyndirnar sem formaður Framsóknarflokksins skautar svo létt yfir í grein sinni.

> **Búvörusamningurinn, sem Sigurður Ingi gerði við Bændasamtökin, hefur hins vegar skert hlut neytenda.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálsson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Í hvers nafni?

**Í DAG**



Bergur Ebbi

Ef upp kæmi sú staða að menn með sveðju réðust á mig í nafni einhvers, þá myndi ég ekki vita hverju ég myndi svara. Sveðjumennirnir myndu kannski öskra: „Í Guðs nafni“ og ég myndi líklega ekki rökræða neitt meira um það heldur bara reyna að forða mér. Ég myndi mjög ólíklega ná að vitna í John Lennon og benda á að „Guð sé konsept sem við notum sem mælistiku á sársauka“, sem væru glettileg lokaorð manns sem er við það að deyja af sveðjusárum. Nei. Auðvitað myndi ég ekki segja neitt, enda snýst fókus þjóðmálaumræðunnar ekki um að mæta hermönnum Guðs í nafni neins, þó að það væri vissulega fréttnæmt ef maður næði að hrópa nafn fótboltaliðs síns eins og Breti einn gerði þegar þrír sveðjuvopnaðir menn réðust á hann í hryðjuverkunum í London í júní síðastliðnum.

**„Fuck you. I'm Millwall“**

Því miður virðist ekkert lát á hryðjuverkum í heimsfréttunum. Við hverja árás líður manni eins og ógnin sé sífellt stærri og meiri þó að tölfræði segi manni að dauðsföll vegna hryðjuverkaárása séu ekki í neinum sérstökum vexti í okkar heimshluta. Staðreyndin er sú, að sé miðað við skyndileg dauðsföll almennt þá látast í raun afar fáir vegna hryðjuverkaárása. Kannski er óhugurinn sem hryðjuverk valda fremur fólginn í því að Homo sapiens sé í raun og veru reiðubúinn að drepa hver annan í nafni hugmynda. Því hryðjuverk eru hugmyndafræðileg dráp og það gerir þau sérlega andstyggileg. Fólk er nefnilega drepið hægri vinstri út af græðgi, afbrýði, heimsku, hormónum eða jafnvel vegna misskilnings án þess að við herpumst saman af ótta yfir því. Dráp eru tíð. En dráp með fagurfræðilegan tilgang eru það ekki. Hryðjuverk eru í síðari flokknum. Dráp í Guðs nafni er ákveðið rothögg fyrir samfélög sem fyrir því verða, því ef Guð er tengdur nafni drápsins – í nafni hvers á maður þá að verja sig?

„Farið fjandans til, ég er Millwall“ á hinn 47 ára Breti að hafa sagt þegar hann mætti sveðjumönnunum með hnefunum einum. Það er vissulega hetjuleg frammistaða. En áhugaverðast þykir mér þó hvað geri fótboltaliðið Millwall að slíku trompi að það skáki jafnvel nafni Guðs. Það er að vísu röng nálgun. Það sem skiptir máli er að trúa því að eitthvað geti veitt manni styrk á ögurstundu – það skiptir kannski ekki máli hvað það er – þó að póstmóderniskir greiningar-sérfræðingar geti velt vöngum yfir því fram og til baka um alla framtíð. „Áfram Valur“ myndi ég þá kannski segja ef sveðjuvopnaðir menn réðust á mig í nafni Guðs og kannski yrði það túlkað sem sykurskert útgáfa af „Áfram Kristsmenn, krossmenn“ og lítið sem ég gæti gert í því hvort heldur ég væri lífs eða liðinn.

**Kvíði frændi**

Ég er síður en svo sá fyrsti sem veltir þessu fyrir sér. Að í fánýti nútímans vanti ekki bara guðlega nánd heldur hreinlega fókus. Ég er ekki að tala um að fólk þurfi að trúa á vísdóm gamalla bóka eða kveikja á reykelsi í kirkjum. Ég er bara að tala um að hafa einhverja sannfæringu sem er nógu sterk til að hún sé það fyrsta sem komi upp í hugann þegar ráðist er á mann í nafni Guðs. Það er frelsandi að taka engu sem sjálfsögðum hlut. Ég myndi ekki vilja skipta því út fyrir neitt annað fyrirkomulag. Með réttri innrætingu er einnig vel hægt að efast um afstöðu annarra án þess að sýna henni vanvirðingu. En ef æðsta gildi lífsins er efasemdin – ef það má orða það svo – er líklegt að því fylgi fórnarkostnaður.

Það er mikið rætt um kvíða. Börn þjást af kvíða. Karlmenn þjást af kvíða. Konur þjást af kvíða. Og ekki ætla ég að gera lítið úr því. Ég finn hann líka stundum. Ég þekki hann. Hann hefur áferð? Hann hellist yfir mann – eins og heitur brennisteinsvökvi sem fossast inn í tæra lind. Hvað þýðir annars þetta orð? Kvíði? Það hljómar eins og kviður og soldið líka eins og sviði. Þannig þekki ég líka kvíðann, frænda minn. Hann hefst þannig að mig svíður í kviðinn. Ég þekki þann djöful um leið og hann byrjar að skjóta gneistum sínum í gegnum taugakerfið.

Og ég veit að hann mun aldrei fara. Sama hversu mikið ég opna mig, sama hversu mikið ég leita út á við. Hann mun aldrei hverfa endanlega. Því það sem ég kvíði hefur að gera með hvað liggi handan efasemda minna, handan greininganna, handan rökfræðinnar og sjálfsánægju augnabliksins. Hvað trúi ég í raun á? Hver er loka niðurstaðan þegar ég sé glitta í sveðjurnar? Fucking Millwall? Áfram Valur? Lifi frelsið? Lifi augnablikið, efasemdirnar, glampinn í augunum? Í nafni hvers? Hvað er stærra en ég og mín auma heimsmynd?

Og þetta er líka ástæðan fyrir því að fjölmiðlar og hefðbundin greiningartæki samfélags okkar ná ekki utan um stóru spurningarnar sem snúa að hryðjuverkum og djúpum hugmyndaágreiningi. Efasemdir og upplýsingar hafa fært okkur svo margt, jafnvel lækningu við sjúkdómum huga og líkama. En efasemdir geta aldrei svæft kvíða frænda úr hjartahólfi. Í nafni Vals, Millwall og heilags Ono Lennon, þó þú trúir kannski engu þá máttu vel trúa því.



# Horft til Íslands og hugsað upphátt



**Moritz Mohs**
svæðisstjóri ferðaskrifstofunnar Wikinger Reisen GmbH í Evrópu

Wikinger Reisen í Þýskalandi hefur átt farsæl og góð samskipti við Íslendinga í 48 ár og skipulagt Íslandsferðir þúsunda manna frá meginlandi Evrópu. Í fyrstu ferðuðust viðskiptavinir okkar um í Land Rover jeppum, nú leggjum við mest upp úr gönguferðum á hálendi Íslands.

Ísland er og hefur verið eftirsótt ferðamannaland. Við jukum sölu Íslandsferða um 30 prósent á ári undanfarin ár en nú ber svo við að aukningin hefur stöðvast. Útlit er fyrir að álíka margir fari til Íslands á okkar vegum í ár og í fyrra.

Ferðafólk streymir auðvitað enn til Íslands og einhverjir lesendur hugsa því væntanlega með sér: „Er ekki bara allt í lagi og ástæðulaust að hafa áhyggjur?“ Kannski ekki. Umsvif íslenskrar ferðaþjónustu eru gríðarlega mikil og verða vonandi áfram en ég þykist sjá blikur á lofti. Þess vegna leyfi ég mér að hugsa hér upphátt. Íslendingar sjálfir orða það víst svo að vinur sé sá er til vamms segir. Ég tek þá á orðinu.

Verðlag er óstöðugt á Íslandi. Ekki síst þess vegna er erfiðara að „selja Ísland“ nú en undanfarin ár. Við vitum ekkert um gengi krónunnar á árinu 2018 og eigum því erfitt með að verðleggja Íslandsferðirnar. Viðskiptavinir heyra að Ísland sé orðið dýrt. Þeir sem áhuga hafa á norrænum slóðum fara þá að horfa frekar til Noregs, Svíþjóðar eða Finnlands.

Ég hef oft komið til Íslands, fylgist með gangi mála í ferðaþjónustunni og heyri ávæning af opinberri umræðu um ferðamál. Ég sé hótel rísa og veitingahúsum fjölgar stöðugt. Samt er hvorki auðvelt að finna laus hótelherbergi né borð á veitingastað á höfuðborgarsvæðinu. Leiðir flestra liggja um Gullna hringinn og merki fjöldaferðamennsku eru þar augljós.

Í ljósi þessa þykir mér undarlegt að íslensk stjórnvöld og ferðamálayfirvöld styðji ekki á markvissari hátt að uppbyggingu innviða ferðaþjónustu annars staðar á landinu og hafi þannig áhrif á að ferðamenn horfi lengra en sjóndeildarhringur Gullna hringsins nær.

Wikinger Reisen kynnir hálendi Íslands sérstaklega á svæðum sínum og skipuleggur göngu- og útivistarferðir í óbyggðum. Til dæmis erum við með vikuferðir hópa sem gista einu sinni á höfuðborgarsvæðinu en dvelja annars í Kerlingarfjöllum og kynnast vel þeirri fjölbreyttu náttúruperlu í stað þess að aka frá einum áfangastað til annars.

Í Kerlingarfjöllum á sér stað uppbygging sem mér þykir vera áhugaverð og til eftirbreytni. Þar er áformað að reisa þjónustumiðstöð og gistiálmu í samræmi við nútímakröfur um aðbúnað. Framkvæmdir eru hafnar og lofa góðu. Húsin fara vel í umhverfi sínu og mér virðist augljóst að þarna sé einmitt valin farsæl leið til að styrkja og efla þjónustukjarna á hálendinu. Slíkt á að gera á fáum stöðum en standa þar myndarlega að verki, ekki aðeins í þágu ferðafólksins heldur líka og ekki síður í þágu landsins sjálfs. Kraftar starfsfólks á stærri vinnustöðum nýtast betur til að þjóna, leiðbeina, vakta og verja viðkvæmustu hluta landsins en ef þeir eru dreifðir á mörgum, smærri stöðum.

> **Íslendingar sjálfir orða það víst svo að vinur sé sá er til vamms segir. Ég tek þá á orðinu.**

Þetta sjónarmið vekur mismikla hrifningu. Ég verð sums staðar var við undarlega tortryggni eða beina andstöðu við uppbyggingu á helstu þjónustustöðum hálendisins. Ég skynja meira að segja líka andstöðu við að vegum á hálendinu sé við haldið þannig að þeir séu akfærir og í ástandi sem samræmist merkingum á landakortum. Slíka hugsun skil ég bara ekki!

Ef íslensk stjórnvöld vilja á annað borð stuðla að vistrænni og sjálfbærri ferðamennsku, á borð við dæmið sem ég nefndi frá Kerlingarfjöllum, ætti einmitt að byggja upp þjónustu á tilteknum stöðum í sátt við umhverfið og samfélagið og hafa hálendisleiðir í boðlegu ástandi.

Erlendir ferðamenn koma auðvitað til Íslands áfram en kannski ekki í jafn stríðum straumum og undanfarin ár. Unnt er að hafa áhrif á þróun í ferðaþjónustunni með markvissri uppbyggingu innviða. Þar geta stjórnvöld auðvitað haft mikið að segja með því að marka skýra stefnu. Þau ættu jafnframt að styðja í orði og verki ferðaþjónustufyrirtækin sem taka sjálf frumkvæði að því að styrkja innviði starfsemi sinnar og þar með ferðaþjónustu Íslendinga í heild sinni.

# Fiskeldi í Ísafjarðardjúpi – fólk, laxar og sameiginleg framtíð



**Jón Páll Hreinsson**
bæjarstjóri í Bolungarvík

Ísafjarðardjúp er talið afar heppilegt svæði til að halda úti fiskeldi. Hafrannsóknastofnun hefur metið að Ísafjarðardjúp þoli 30.000 tonna eldi eins og fram kemur í burðarþolsmati sem stofnunin gaf út sl. vetur.

Eldislax er verðmætur fiskur og skilar meiri verðmætum á hvert kíló en bolfiskur. Þannig mun 30.000 tonna fiskeldi á laxi skila meiri verðmætum en allur bolfiskafli sem kemur á land í Bolungarvík, Ísafirði og Súðavík.

Samkvæmt tölum um fjölda starfa í norsku fiskeldi, má gera ráð fyrir að 30.000 tonna fiskeldi í Ísafjarðardjúpi skapi á bilinu 400 til 600 störf. Þá eru ótalin afleiddu störfin, störfin sem skapast í samfélaginu vegna aukningar á opinberri þjónustu og annarri almennri þjónustu. Áhrifin af þessum nýjum störfum myndu leiða til þess að fjölgun íbúa væri ekki talin í hundruðum, heldur þúsundum íbúa í sveitarfélögum við Djúp.

Utan þessa hefur starfsemi fiskeldisfyrirtækja jákvæð áhrif á rekstur sveitarfélaga, en fiskeldisfyrirtæki eru t.d. mikilvægir viðskiptavinir hafnarsjóða sveitarfélaganna. Þessi 30.000 tonn af eldislaxi gætu skilað 300 til 400 milljónum í tekjur til hafnarsjóða þessara sveitarfélaga sem eru svipaðar tekjur og af 200-300 skemmtiferðaskipum.

> **Þessi 30.000 tonn af eldislaxi gætu skilað 300 til 400 milljónum í tekjur til hafnarsjóða þessara sveitarfélaga sem eru svipaðar tekjur og af 200-300 skemmtiferðaskipum.**

Það þarf því ekki að efast um að fyrirhugað fiskeldi í Ísafjarðardjúpi mun skipta sköpum fyrir samfélögin við Djúp. Þúsundir nýrra starfa og fjölgun íbúa munu auka getu sveitarfélaganna til að byggja upp betra samfélag. Betra samfélag sem ekki verður lengur í stöðugri varnarbaráttu með tilheyrandi fækkun íbúa þar sem sífellt erfiðara verður að halda uppi þeirri þjónustu sem íbúar eiga skilið. Betra samfélag er sjálfbært samfélag , sem viðheldur sér og vex í sátt við menn, líf, umhverfi og framtíð.

Þessi mikilvæga uppbygging má ekki ganga á náttúruna með óafturkræfum hætti og nauðsynlegt að finna jafnvægi milli nýtingar og verndunar. Í nýlegri skýrslu Hafrannsóknastofnunar er komist að þeirri niðurstöðu að of mikil áhætta er á að þrjár laxveiðiár í Ísafjarðardjúpi verði fyrir skaða vegna erfðablöndunar við strokufiska úr fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. Ýmsir hafa gagnrýnt skýrsluna og forsendur hennar og viljað hunsa niðurstöður hennar. Aðrir hafa jafnvel ýjað að því að fórna mætti laxastofninum í þessum fallegu laxveiðiám. Þess þarf ekki og að sjálfsögðu á náttúran að njóta vafans, eins og hún hefur fengið að gera í gegnum allt leyfisferli fiskeldis í Ísafjarðardjúpi.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar er hins vegar einnig fjallað um mótvægisaðgerðir sem fiskeldisfyrirtæki geta gripið til til að minnka áhættuna á erfðablöndun. Fiskeldisfyrirtækin hafa sjálf talað fyrir mótvægisaðgerðum og hafa þau fjallað um þær í sínum umsóknum um fiskeldi í Ísafjarðardjúpi.

Það er krafa okkar að samfélagið við djúp fái líka að njóta vafans og það verði reynt á umræddar mótvægisaðgerðir. Áhættumatið verði endurmetið á forsendum mótvægisaðgerða og ný sviðsmynd verði gerð á forsendum þess. Umræddar laxveiðiár verði jafnframt vaktaðar sérstaklega og fylgst með hvernig villti stofninn bregst við fiskeldi. Ef vel tekst til með fiskeldið og sannanlega verði sýnt fram á að mótvægisaðgerðir virki, þá er ekkert því til fyrirstöðu að hefja fiskeldi í Ísafjarðardjúpi strax á næsta ári. Á sama tíma fær náttúran áfram að njóta vafans.

Það er ófrávíkjanleg krafa að hagsmunir samfélagsins við Djúp séu jafnframt hafðir til hliðsjónar í þeirri stóru ákvörðun um hvort leyfa eigi fiskeldi í Ísafjarðardjúpi sem nú er fram undan.

Það eru allar forsendur fyrir hendi, lýðfræðilegar, líffræðilegar, vistvænar og hagrænar að menn og laxar, hvort sem þeir lifa villt eða í eldi, eigi sér öfluga sameiginlega framtíð við Ísafjarðardjúp.

NORR11
Bar 11 Let's Rock
TUBORG LÉTTÖL
MENNINGAR NÆTUR TÓNLEIKAR
X977 & BAR 11
EMMSJÉ GAUTI
XXX ROTTWEILER
DIMMA
ÁSA
KILO
TAPPI TÍKARRASS
ATOMSTATION
JÓNAS SIG
OG RITVÉLAR FRAMTÍÐARINNAR
TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 17.00
OG ERU SKATTGREIÐENDUM OG
ÖÐRUM LANDSMÖNNUM
ALGERLEGA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.
Domino's
X 97·7
1011 Fjölbreytt og þægilegt



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT

Á Menningarnótt í Reykjavík býður Sinfóníuhljómsveit Íslands á tvenna tónleika. **Ókeypis** er á tónleikana og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Hægt er að nálgast miða í miðasölu Hörpu frá kl. 11 á tónleikadegi.

15:00

## FJÖLSKYLDU-TÓNLEIKAR



**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Ævar Vísindamaður, Lína Langsokkur og fleiri góðir gestir**

**Úrval úr dagskrá**
**Litla tónsprotans**

Á þessum tónleikum má heyra brot af þeirri fjölbreyttu og skemmtilegu dagskrá sem í boði er í áskriftaröðinni Litla tónsprotanum. Góðir gestir koma í heimsókn og gestir fá smjörþefinn af fjörugum sönglögum og hressilegum hljómsveitarslögurum sem fylla Eldborg af tilhlökkun yfir komandi tónleikavetri.

17:00

## RÓMEÓ & JÚLÍA



**Keri-Lynn Wilson** hljómsveitarstjóri

**Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Sigurður Þór Óskarsson** sögumenn

**Pjotr Tsjajkovskíj**
**Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur**

**Sergej Prokofíev**
**Rómeó og Júlía, balletttónlist**

Rómeó og Júlía er ein áhrifamesta ástarsaga allra tíma. Hér hljómar þessi frábæra tónlist undir stjórn hinnar kanadísku Keri-Lynn Wilson sem á ættir að rekja til Íslands en hún stjórnar reglulega við tónleikahallir og óperuhús víða um heim.

**SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA

# Skóli án aðgreiningar



**Jón Sigurgeirsson**
lögfræðingur

**Meðal raka fyrir skóla án aðgreiningar á sínum tíma var að öll börn gætu stundað nám í heimabyggð og ekki þyrfti að senda ung börn frá foreldrum sínum. Þetta eru gild rök. Það var hins vegar ekki tekið tillit til þess að þá þyrfti að „senda“ þekkinguna í heimabyggð.**

Í þessari viku hef ég talað við tvær mæður sem báðar áttu barn með Asperger heilkenni. Annað barnið er að komast á unglingsaldur og móðirin taldi engan skilning vera á þörfum þess innan skólans. Hún sagði barnið bráðgreint og næði afbragðsárangri á þeim sviðum sem það einbeitir sér að, en félli illa í mótið sem skólinn setti fyrir „meðalnemandann“.

Ég starfaði um tíma hjá Blindrafélaginu þegar skóli án aðgreiningar var settur á legg. Ég fór til stuðnings níu ára barni inn í bekk. Engin þekking var á þörfum þess, engin kunnátta í blindraletri og nemandinn sjálfur sagðist kenna kennaranum að kenna sér. Síðan hefur verið sett á stofn þekkingarmiðstöð sem styður við kennara slíkra barna.

Mér er ekki kunnugt um að slík stofnun sé til fyrir börn með innhverfu, ofvirkni eða sértæka námsörðugleika, börn sem hafa hæfileika en þurfa sértækan stuðning til geta nýtt þá sér og öðrum til gagns.

Ég hef ástæðu til að ætla að skóli án aðgreiningar hafi ekki verið undirbúinn nægjanlega þegar honum var komið á. Það er svo sem ekkert óvanalegt að við Íslendingar stingum hausnum í sandinn og teljum að hlutirnir reddist.

Meðal raka fyrir skóla án aðgreiningar á sínum tíma var að öll börn gætu stundað nám í heimabyggð og ekki þyrfti að senda ung börn frá foreldrum sínum. Þetta eru gild rök. Það var hins vegar ekki tekið tillit til þess að þá þyrfti að „senda“ þekkinguna í heimabyggð.

Ég tel þjóðfélagslega óhagkvæmt að hvert sveitarfélag komi sér upp þekkingu á öllum sérþörfum sinna nemenda. Ég tel líka að skóli án aðgreiningar sé feilspor þrátt fyrir ofangreind rök ef það leiðir til lakari þjónustu við nemendur með sérþarfir. Ríkið verður því að veita sveitarfélögunum stuðning svipaðan og Þekkingarmiðstöð blindra veitir.

Í almennri umræðu er stundum gagnrýnt hve mörg börn hafa greiningar. Menn telja þær ofnotaðar. Ekki er endilega verið að sjúkdómsvæða hlutina heldur að meta hvernig einstaklingur fellur að því móti sem skólakerfið er og hvar viðkomandi þarf stuðning.

Það er ekki endilega miklu meira fé sem þarf heldur hagkvæmt skipulag sem skilar sem bestum árangri og skilgreinir hlutverk ríkis og sveitarfélaga svo og einstakra stofnana þeirra.

Við hljótum öll að vera sammála því að uppvaxandi kynslóð er það mikilvægasta í lífi okkar. Allt annað er hjóm eitt. Ekki aðeins sumir einstaklingar heldur sérhver einstaklingur í samræmi við manngildishugsun okkar stjórnarskrár. Framtíð Íslands ræðst af því hvernig við nýtum mannauðinn og leyfum sérhverjum einstaklingi að ná þeim árangri sem hæfileikar viðkomandi leyfa.

Nýlega var skólakerfið okkar tekið út af erlendum sérfræðingum og má finna úttektina á vef menntamálaráðuneytis.

66° NORÐUR

Lagersala

Allt að 80% afsláttur

Á útsölumarkaði okkar í Faxafeni og Skipagötu á Akureyri. Lýkur 21.8.

Útsölumarkaður Faxafeni 12, Reykjavík
Fös. 8:00 – 21:00.
Lau. 10:00 – 21:00. Sun. 12:00 – 21:00.

Verslun Skipagötu 9, Akureyri
Fös. 9:00 – 20:00.
Lau. 10:00 – 20:00. Sun. 12:00 – 18:00.

# Vatn og andi mannréttinda



**Hjörtur Magni Jóhannsson**
prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar við Tjörnina

**Þar sem ekkert líf þrífst án vatns, þurfa allar þjóðir heims að kannast við að öll jarðarinnar börn eigi lögbundinn rétt til að njóta aðgangs að þeim helgidómi sem vatnið er.**

Það er nokkuð sennilegt að stríð framtíðarinnar verði háð um vatnið. Það er vatnið sem gerir líf mögulegt á okkar plánetu og sjálf erum við gerð úr vatni þar sem um 70% líkama okkar er $H_2O$. Lengi höfum við tekið vatn sem sjálfsagðan hlut en nú með gífurlegri fjölgun mannkyns og stóraukinni vatnsnotkun þá er vart nóg fyrir alla. Allar heimsálfur glíma nú við vatnsskort, sumar í áratugi og ástandið fer hratt versnandi. Það á einnig við um hina gróðursælu og dulmögnuðu Suður-Afríku.

### Suður-Afríka, mannréttindi, vatnsréttindi

Fyrir nokkrum vikum var þar haldin alþjóðleg ráðstefna um vatnsréttindi og náttúruvernd. Ráðstefnan var haldinn af anglikönsku biskupakirkjunni og reyndar í fjórum heimsálfum samtímis þar sem beintengt var milli hinnar fögru Höfðaborgar í Suður-Afríku, Melbourne í Ástralíu og svo New York og London á norðurhveli.

Þar sem ekkert líf þrífst án vatns, þurfa allar þjóðir heims að kannast við að öll jarðarinnar börn eigi lögbundinn rétt til að njóta aðgangs að þeim helgidómi sem vatnið er.

Einn helsti talsmaður vatnsins í Suður-Afríku og á heimsvísu er Dr. Thabo Makgoba, erkibiskup ensku biskupakirkjunnar í Suður-Afríku. Thabo er annar arftaki Desmonds Tutu erkibiskups í embætti, eins virtasta trúarleiðtoga heims. Desmond Tutu, sem gegndi embætti erkibiskups frá 1986 til 1996, er oft nefndur í sömu andrá og Nelson Mandela, frelsishetja og fyrrum forseti Suður-Afríku, Dalaí Lama og jafnvel Mahatma Gandhi.

### Tutu, Dalaí Lama, Mandela og Gandhi

Á meðan Nelson Mandela var í fangelsi barðist Desmond Tutu utan fangelsismúranna gegn aðskilnaðarstefnu stjórnvalda og leiddi m.a. fjölmennar og áhrifamiklar mótmælagöngur út frá St. George dómkirkjunni í Höfðaborg og fjölmiðlar heimsins greindu frá. Þó svo að hann sé nú sestur í helgan stein þá er Tutu enn ákaflega áhrifamikill og orð hans hafa áhrif og vægi um allan heim. Tutu erkibiskup og búddíski trúarleiðtoginn Dalaí Lama, sem hefur um árabil verið helsti talsmaður Tíbeta í baráttu þeirra við ofríki kínverska heimsveldisins, eru miklir vinir. Þeir hafa í raun brotið blað í samskiptum stóru trúarhefðanna, búddisma og kristni, með gagnkvæmri viðurkenningu og samtengingu trúarhefðanna.

Hindúinn friðelskandi Mahatma Gandhi, pólitískur leiðtogi Indverja er fór fyrir friðsamlegri sjálfstæðishreyfingu Indlands, starfaði einnig í Suður-Afríku árin 1893-1914. Gandhi lagði vissan grunn að þeirri mannréttindabaráttu sem Mandela og Tutu voru síðar svo öflugir í, enda var Gandhi fyrirmynd þeirra beggja. Allir þessir fjórir leiðtogar og sögulegu mikilmenni sem hér eru nefnd hafa unnið með afgerandi hætti að framgangi mannréttinda með friðsamlegum hætti.

Dr. Thabo Makgoba sem, ásamt eiginkonu sinni Lungi, starfar í þessum sama anda, hefur gegnt embætti erkibiskups anglikönsku kirkjunnar í Suður-Afríku í um áratug. Hann er 53 ára gamall og þykir varfærinn en um leið framsækinn trúarleiðtogi. Heima við bíða hans mörg krefjandi viðfangsefni. Tíðni HIV/AIDS er hærri í Suður-Afríku en í nokkru öðru landi. Pólitísk spilling er mikil og gróflega er gengið á vatnsbirgðir landsins. Thabo segir sjálfur frá því með bros á vör að hann sé í hæðnistón kallaður „klósettbiskupinn“ af andstæðingum sínum. Ástæðan er sú mikla áhersla sem hann leggur á brýna þörf almennings fyrir hreinlætisaðstöðu og að rennandi vatn sé aðgengilegt öllum. En vel innan við helmingur landsmanna hefur þar aðgang að vatni á heimilum sínum og víða þurfa konur að ganga daglega heilu kílómetrana eftir vatni og fjölmörg börn deyja vegna mengaðs vatns.

### Andi mannkyns í Reykjavík

Fyrir skömmu var hér haldin alþjóðleg ráðstefna undir yfirskriftinni Andi mannkyns (Spirit of Humanity). Þar komu saman víðsvegar að úr heiminum, andlegir og trúarlegir leiðtogar, fræðimenn, listamenn, stjórnmálamenn og stjórnendur til að ræða andlegu hliðina á þeirri vá sem að mannkyni steðjar. Það gefur óvænta von að sjá þar nýjar áherslur andlegra leiðtoga og trúarstofnana á umhverfisvernd. Það eykur lífsgleði að greina sameinaðar áherslur ólíkra trúarbragða í því markmiði að hlúa að jörðinni og vinna gegn loftslagsbreytingum og sameinast um helgi vatnsins. Það er tími til kominn að trúarbrögðin sameinist í því að viðhalda fjölbreytileika lífsins og stuðli að samhljómi manns og móður jarðar. Við höfum séð nóg af því hvernig trúarbrögð hafa verið notuð til aðgreiningar og sundrungar allt frá ættbálkadeilum til menningarátaka þar sem fólskulegum hryðjuverkum er beitt.

### Trúarbrögð til sameiningar

Trúarbrögðin búa yfir einstökum leiðum til að ná til fjöldans, leiðum sem pólitísk hugmyndakerfi eða alþjóðlegar stofnanir ráða ekki yfir. Nú til sameiningar og viðhalds lífs, ekki sundrungar. Vegna þess að vatnið er forsenda alls lífs þá verðum við að tryggja öllum greiðan aðgang að hreinu og drykkjarhæfu vatni. Í flestum trúarbrögðum veraldar gegnir vatnið miðlægu hlutverki. Í okkar kristnu arfleifð er skírnarsakramentið t.a.m. miðlægt og þar er kjarninn einmitt vatn og andi. Helgisiðir hinna ólíku trúarbragða tengdir vatni eru margvíslegir en hafa þó flestir með viðhald lífs að gera; endurfæðingu, sköpun, iðrun, helgun, hreinsun og frelsun. Helgisiðirnir kunna að vera ólíkir frá vöggu til grafar eftir menningarsiðum og trúarhefðum. En það sem við eigum sameiginlegt í mennsku okkar er mun mikilvægara en það sem sundur greinir. Það er alveg á tæru eins og ferskt heilagt vatn.

# Treystum fólkinu í Sjálfstæðisflokknum



**Arndís Kristjánsdóttir**
formaður Hvatar, félags sjálfstæðiskvenna í Reykjavík

**Ef Sjálfstæðisflokkurinn treystir ekki eigin félagsmönnum, fólkinu sem myndar Sjálfstæðisflokkinn, hversu líklegt er þá að almenningur treysti Sjálfstæðisflokknum?**

Um öll Vesturlönd verður sú krafa sífellt háværari að auka beina aðkomu almennings að stjórnmálum. Þeir flokkar sem verða ekki við þeirri kröfu eru í mikilli hættu, þeir fjarlægjast fólkið, einangrast og missa af samtíma sínum. Við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af þessari þróun, stjórnmálin eru í mikilli deiglu þessa dagana, fylgið á hreyfingu, nýir flokkar hafa sprottið upp og krafa um breytt stjórnmál er hávær. Við þessu þarf Sjálfstæðisflokkurinn að bregðast eins og aðrir hefðbundnir flokkar. Flokkar sem þróast ekki með samtíma sínum og tíðaranda eru í mikilli hættu, alveg óháð mikilvægi þeirrar stefnu og hugmyndafræði sem þeir standa fyrir. Það er ekki nóg að hafa góða stefnu ef enginn vill hlusta.

Við þessar aðstæður má það furðulegt heita að fámennur hópur í Valhöll ætlar nú að þrengja aðkomu almennra flokksmanna að vali á framboðslista Sjálfstæðisflokksins. Verði tillögur umrædds hóps samþykktar fá flokksmenn einungis að velja hver það verður sem leiðir lista flokksins, í önnur sæti ætlar fámennur hópur að velja vini sína á fundi í lokuðu herbergi. Þessi tillaga færir Sjálfstæðisflokkinn áratugi aftur í tímann, frá fólkinu í átt að klíku- og fámennisstjórnmálum. Í stað þess að efla fólkið í Sjálfstæðisflokknum og treysta því til að velja frambjóðendur flokksins á að taka upp vinnubrögð löngu liðins tíma, vinnubrögð sem endurspegluðu allt annað þjóðfélag en það sem við búum við í dag.

Þessi tillögugerð er því fráleit í ljósi þeirrar þróunar sem nú stendur yfir í stjórnmálum og hún er til þess fallin að skaða Sjálfstæðisflokkinn í bráð og lengd. Aukin aðkoma almennings og aukið lýðræði eru lykilhugtök í stjórnmálum þessa dagana. Hin furðulega tillaga meirihluta stjórnar Varðar gengur þvert á slík sjónarmið og í raun vandræðalegt fyrir okkur Sjálfstæðismenn að fylgjast með fulltrúum þessa hóps reyna að rökstyðja hana á opinberum vettvangi.

Þar til viðhlítandi rök hafa verið færð fyrir nauðsyn þess að draga úr áhrifum almennra flokksmanna í Sjálfstæðisflokknum hljótum við að sameinast um að tryggja að þessi tillaga verði ekki samþykkt. Þvert á móti eigum við að kappkosta að Sjálfstæðisflokkurinn sýni í verki að hann treysti eigin flokksmönnum til að velja frambjóðendur sína. Ef Sjálfstæðisflokkurinn treystir ekki eigin félagsmönnum, fólkinu sem myndar Sjálfstæðisflokkinn, hversu líklegt er þá að almenningur treysti Sjálfstæðisflokknum?


ÍSKALT
OFURTILBOÐ
BEN & JERRY´S
OG
HÄAGEN-DAZS
VERÐ
499
KR.
500 ML.
ALLAR TEGUNDIR
OPIÐ
24
TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI,
ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

## Brött brekka bíður FH-inga á móti Braga í Portúgal




**Þarna munaði svo ofboðlega litlu** FH-ingar voru 1-0 yfir í hálfleik á móti Braga í umspili um sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar en tvö mistök í seinni hálfleik færðu Portúgölunum tvö mörk og 2-1 sigur. Atli Guðnason var nálægt því að bæta við öðru marki hér fyrir ofan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Pepsi-deild kvenna**

**Haukar - Þór/KA 1-4**
1-0 Vienna Behnke (24.), 1-1 Bianca Elissa Sierra (30.), 1-2 Stephany Mayor (50.), 1-3 Mayor, víti (58.), 1-4 Stephany Mayor (63.). Þór/KA komið með 8 stiga forystu.

**ÍBV - Grindavík 2-2**
1-0 Cloé Lacasse (3.), 1-1 Kristín Anítudóttir Mcmilla (56.), 2-1 Kristín Erna Sigurlásdóttir (67.), 2-2 María Sól Jakobsdóttir (82).

**Stjarnan - Valur 1-2**
0-1 Elín Metta Jensen (69.), 0-2 Elín (90.+1), 1-2 Ana Cate (90.+4). Stjörnuliðið búið að tapa 7 stigum í fyrstu 3 leikjum eftir EM.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Þór/KA | 35 | FH | 18 |
| Breiðablik | 27 | Grindavík | 14 |
| Stjarnan | 27 | KR | 12 |
| ÍBV | 27 | Fylkir | 5 |
| Valur | 25 | Haukar | 1 |

**Evrópudeild UEFA, umspil**

**FH - Braga 1-2**
1-0 Halldór Orri Björnsson (39.), 1-1 Paulinho (62.), 1-2 Nikola Stoiljković (79.)

**Everton - Hajduk Split 2-0**
1-0 Michael Keane (30.), 2-0 Gueye (44). Gylfi Þór Sigurðsson var kynntur fyrir stuðningsmönnum Everton fyrir leikinn.

**Altach - Maccabi Tel Aviv 0-1**
Viðar Örn Kjartansson skoraði sigurmarkið.

### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Solheim-bikarinn | Golfstöðin |
| 18.25 | Bayern - Leverkusen | Sport |
| 19.05 | Þróttur - HK | Sport 2 |
| 20.30 | Pepsi-mörk kvenna | Sport |
| 21.30 | Teigurinn | Sport |
| 22.20 | 1 á 1: Guðni Bergsson | Sport |

# Réttur tímapunktur til að fara í Everton

**Gylfi Þór Sigurðsson er kominn til enska úrvalsdeildarliðsins Everton og þjóðin bíður spennt eftir því að sjá hvernig honum farnast þar. Bjarni Guðjónsson efast ekki um að Gylfi eigi eftir að pluma sig vel og hann sé tilbúinn að axla mikla ábyrgð hjá stóru félagi.**

**FÓTBOLTI** „Mér líst mjög vel á að Gylfi hafi farið til Everton. Ég held að þetta hafi verið hárrétt ákvörðun hjá honum," segir Bjarni Guðjónsson, knattspyrnuþjálfari og einn af sérfræðingum Messunnar, um þau tíðindi að Gylfi Þór Sigurðsson sé orðinn leikmaður Everton.

„Þessi hugmynd um Leicester fannst mér aldrei neitt sérlega sexí. Ég held að hann sé kominn á mjög góðan stað og það virðist vera mikill vindur í seglunum hjá Everton. Liðið er búið að styrkja sig mikið og það verður mjög spennandi að fylgjast með þessu í vetur. Krafan hlýtur að vera sú að keppa um þessi fjögur efstu sæti í deildinni sem er örugglega eitthvað sem Gylfi hefur beðið eftir að komast í."

Bjarni efast ekkert um að koma Gylfa til Everton muni hafa mjög jákvæð áhrif á liðið á mörgum stöðum.

„Gylfi hefur svo ofboðslega margt. Það er eðlilega mikið talað um föstu leikatriðin og það mun hafa áhrif enda enginn betri þar en Gylfi. Hann skapar alltaf hættu með spyrnunum sínum," segir Bjarni og bendir síðan á vinnsluna í Gylfa sem hljóp mest allra í deildinni síðasta vetur.

„Hann er svo svakalega vinnusamur. Gylfi er ekki bara lúxusleikmaður heldur vinnur hann rosalega mikið fyrir liðið. Sömu sögu er ekki hægt að segja af lúxusleikmönnum eins og Eriksen og Coutinho svo einhverjir séu nefndir. Gylfi gerir það sem gera þarf. Hann getur farið niður og varist eins og sterkir varnarmiðjumenn. Þegar búið er að vinna boltann rýkur hann upp og reynir að gera usla í vörn andstæðingsins. Það að Gylfi hlaupi meira en N'Golo Kante, sem fær mikið hrós fyrir vinnslu, segir sína sögu."

Það eru flestir sammála um það að frammistaða Gylfa á síðustu leiktíð hafi hreinlega haldið Swansea uppi í úrvalsdeildinni. Gríðarlegt afrek. Nú er hann kominn í miklu stærra lið sem ætlar sér mun stærri hluti. Þar á Gylfi að vera aðalmaðurinn en er hann tilbúinn til að leiða Everton í hóp bestu liðanna?

„Ég efast ekki um að Gylfi mun valda þessu verkefni og ráða við pressuna. Ég held að andlegur styrkur hans sé það mikill. Hann er fagmaður fram í fingurgóma og notar sinn tíma alltaf rétt. Gylfi lætur heldur ekki neitt stíga sér til höfuðs. Ef á móti blæs þá er hann klókur að vinna sig út úr því. Ég hef því engar áhyggjur af Gylfa þarna," segir Bjarni bjartsýnn og telur að Gylfi hafi nælt sér í næga reynslu á síðustu árum til þess að geta tekið þetta stóra skref.

„Þetta er flottur tímapunktur fyrir hann að fara í svona lið. Liverpool hefði líka verið frábær kostur fyrir hann sem og allt þar fyrir ofan."

Nú er mikið spáð og spekúlerað í því hvernig stjóri Everton, Ronald Koeman, ætlar sér að nota dýrasta leikmann Everton frá upphafi en Koeman segir að Gylfi komi með fullkomið jafnvægi inn í liðið.

„Mér sýnist allt stefna í að Koeman ætli að vera með þrjá miðverði. Hann gæti notað Rooney frammi með Sandro Ramirez og sett Gylfa í holuna fyrir aftan þá. Seamus Coleman og Leighton Baines eru síðan á köntunum. Þeir eru klókir og sókndjarfir bakverðir. Þá er komið jafnvægi í liðið sem er mjög flott," segir Bjarni.

„Everton er með þrjá sterka miðverði, þá Michael Keane, Ashley Williams og Phil Jagielka. Svo eru tveir sterkir miðjumenn þar fyrir framan og þá er liðið með fimm menn til þess að sækja. Ég yrði því ekki hissa á því að sjá Gylfa í holunni fyrir aftan tvo sentera. Gylfi getur samt leyst margar stöður og það er eflaust eitt af því sem heillar Koeman." **henry@frettabladid.is**

### Besta lið Everton




**433**
Kílómetrarnir sem Gylfi hljóp á síðustu leiktíð. Mest allra leikmanna í deildinni.

**22**
Gylfi kom að 22 mörkum á síðustu leiktíð. Skoraði 9 lagði upp 13.



**49%**
Gylfi kom nánast að helmingi marka Swansea á síðustu leiktíð.

**5**
Gylfi skoraði fimm mörk gegn bestu liðum deildarinnar í fyrra. Aðeins Jamie Vardy skoraði fleiri eða sex.

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 18. ÁGÚST 2017



# Horfir á enska boltann yfir saumavélinni

Fatahönnuðurinn Arnar Már Jónsson útskrifaðist frá Royal College of Art í London í vor en skólinn er talinn einn sá besti á sínu sviði. Á morgun heldur hann sýningu á hönnun sinni á Oddsson í Reykjavík.



Stjörnumerkið þitt getur sagt til um hverju þú ættir helst að klæðast í haust.

lífsstíll →8


*Magaverkur eða bakflæði?*



Nú 28 stk. án lyfseðils

Esomeprazol Krka
Magasýruþolin hylki
**Tilboð: 995 kr.**



100 stk. án lyfseðils

Loratadin LYFIS
Töflur
**Tilboð: 995 kr.**

*Ofnæmi?*



*Nasofan inniheldur sterann flucicason propionat sem hefur bólgueyðandi verkun. Þegar Nasofan er úðað í nefið dregur það úr bólgu og ertingu.*

Nasofan
Nefúði
**Tilboð: 995 kr.**

FARMASiA APÓTEK

Suðurveri
Stigahlíð 45
105 Reykjavík
Sími 511 0200
facebook.com/farmasiaapotek

| | Mán. til fös. | Lau. | Sun. |
|---|---|---|---|
| Opið: | 08-20 | 10-18 | 13-18 |

Tilboðin gilda til 15. sept.

*Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfjanna. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfin á wwww.serlyfjaskra.is*

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Fatahönnuðurinn Arnar Már Jónsson hefur komið víða við síðan hann útskrifaðist úr fatahönnun frá Listaháskóla Íslands (LHÍ) árið 2013. Undanfarin ár hefur hann m.a. starfað og búið í París og London þar sem hann starfaði hjá þekktum hönnuðum á borð við Vivienne Westwood og Martine Sitbon auk þess að starfa sem aðstoðarmaður skoska fatahönnuðarins Stuarts Trevor í London. Einnig starfaði hann um tíma í Nürnberg í Þýskalandi hjá íþróttarisanum Adidas sem var lærdómsríkur tími að hans sögn. Í vor útskrifaðist hann úr mastersnámi frá Royal College of Art í London sem er talinn einn besti listaháskóli í heimi og á morgun, laugardag, heldur hann fyrstu sýningu sína hérlendis á ODDSSON í Vesturbæ Reykjavíkur.

Mikil umfjöllun skapaðist kringum útskriftarsýningu Arnars Más og samnemenda hans í bresku tískupressunni, t.d. í Vogue og ID, enda margir áhugasamir að sjá hvað er að gerast þar á bæ. Sýningin á Oddsson á morgun hefst kl. 20 og mun innihalda úrval úr útskriftarlínu hans en þó aðallega kynningu á bókinni sem hann gerði fyrir línuna í samstarfi við ljósmyndarann Magnus Andersen. „Við unnum bókina í vor og voru allar myndirnar teknar á Íslandi, þar sem mér fannst fötin mín eiga heima. Ég mun setja upp innsetningu á Oddsson í tengingu við síðustu línu mína og áframhald af vinnunni minni sem byggist á því að búa til nýtt „wardrobe“ fyrir fólkið í kringum mig, helst í gegnum rannsóknir á íþróttafatnaði.“

Hann hefur unnið með myndræna dagbók síðustu ár sem hann notar til að byggja allan grunn fyrir vinnu sína. „Ég hef unnið og rannsakað tríbalísku orkuna sem myndast í hóp, þá helst í vinahóp mínum sem býr víðsvegar um Evrópu.“

## Nánast 200% vinna

Áhuginn á tísku og hönnun kviknaði snemma hjá Arnari Má. „Ég hef alltaf haft áhuga á klæðnaði og tjáningu í gegnum klæðaburð. Samt var ég ekki að klæða dúkkur eins og margir aðrir. Raunar komst ég að því að fatahönnun væri eitthvað sem hægt væri að læra og vinna við, bara rétt áður en ég sótti um nám í LHÍ. Tónlist, og þá sérstaklega danstónlist, var alltaf helsta áhugamál mitt ásamt íþróttum þegar ég var ungur þannig að ég náði í raun að blanda öllum áhugamálum mínum saman með því að vinna við og læra um tísku.“

Hann segir alltaf hafa blundað í sér að fara í mastersnám í London. „Ég vildi hins vegar ná mér í reynslu fyrst svo að ég myndi vita hvað ég vildi fá út úr náminu. Námið er nefnilega byggt þannig upp að nemendur eiga að vinna í þeim verkefnum sem þeir sjálfir vilja vinna í, frekar en að skólinn sé að úthluta verkefnum til nemenda.“ Það var erfitt að vinna svona sjálfstætt en um leið lærði hann mjög mikið. „Þessi skóli hafði verið lengi á óskalistanum enda eru þeir þekktir fyrir karladeild sína. Zowie Broach, sem m.a. stofnaði tískumerkið Boudicca, tók við stjórn námsins árið 2014 sem gerði mig enn spenntari þannig að ég sótti um.“

Námið tók tvö ár og segir hann fyrra árið hafa aðallega snúist um að finna út hvað hann vildi segja með hönnun sinni. „Það er nánast allt til í dag þannig að nemendurnir verða að hafa eitthvað að segja með vinnunni sem þeir inna af hendi, hún verður að hafa tilgang og ástæðu. Námið var auðvitað mjög krefjandi og í raun 200% vinna sem var kannski það sem var erfiðast. Auk þess þurfti að finna orku til að halda áfram eftir alla gagnrýnina sem maður fékk, hún var aldrei spöruð og alltaf sett spurningarmerki við allt sem maður gerði.“

## Líður vel í London

Aðspurður hvert hann stefni á næstu árum segist Arnar Már helst vilja halda áfram að vinna í eigin verkefnum í bland við að vinna fyrir aðra. „Ég hef fengið nokkur spennandi tilboð sem ég er að skoða og velja úr. Ég ætla að gefa mér sumarið í það enda ekki fengið meira en vikufrí síðan ég byrjaði í LHÍ 2010. Því er ég mjög spenntur fyrir því að hafa tíma til að hugsa og njóta. Okkur kærustunni, Fanneyju Önnu, líður vel í London þannig að ég býst ekki við að flytja heim á næstunni enda er erfitt að starfa sem fatahönnuður á Íslandi. Bransinn úti er eins og allir bransar, bara minni en maður heldur og allir þekkja alla. Þar eru margir til í að hjálpa sem er frábært.“

Eftir að hafa starfað og setið á skólabekk erlendis síðustu árin hefur gefist ágætt tækifæri til að bera saman íslenskt og alþjóðlegt hönnunarumhverfi. Hann segir muninn í raun lítinn. „Munurinn liggur helst í því að fleiri möguleikar eru erlendis. Þar má finna fleiri fyrirtæki, mun öflugra styrkjaumhverfi og fleiri leiðir til að koma ungum hönnuðum á framfæri. Þessi bransi er mjög alþjóðlegur þannig að ég myndi ekki segja að það breyti miklu hvar maður er staðsettur með t.d. eigið stúdíó.“

Arnari finnst margt skemmtilegt í gangi þegar kemur að íslenskri hönnun og nefnir sérstaklega samstarf 66°Norður við íslenska hönnuði. „Þau styrktu m.a. útskriftarlínuna mína og hjálpuðu mér mikið við að ná þeim standard sem ég vildi hafa í útivistarflíkunum.“

## Mikil vinna

Daglegt líf í stórborginni London er mjög mismunandi að hans sögn. „Ég hef svo sem ekkert mikið upplifað „daglegt líf“ þar síðustu tvö árin þar sem ég sá bara stúdíóið í skólanum alla daga og öll kvöld. Mér finnst gaman að fara á pöbbinn með vinum og kærustunni og svo kíkjum við stundum á danslífið og listasýningar. Það er líka mikið að gerast í matarmenningunni í London og ég elska að borða og elda þannig að ég nýti mér það eins mikið og ég get. Annars vinnum við bæði mikið þannig að orkan getur verið af skornum skammti. Á veturna horfi ég svo mikið á enska boltann, oftast yfir saumavélinni samt.“



Arnar Már útskrifaðist frá Royal College of Art í London í vor. MYND/EYÞÓR



Hvítar buxur með rauðu mynstri.



Rauði liturinn er allsráðandi.



Ýmis fatnaður úr útskriftarlínu Arnars Más verður til sýnis á Oddsson á morgun. MYND/MAGNUS ANDERSEN







Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433




# Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN
Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal.is

epal



**Nordic Seamless***
Verð frá:
**299.000.-**

**Jensen rúm:**

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum



**Continental***
Verð frá:
**362.900.-**

* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

# Ljótar gjafir í tuttugu og eitt ár

Helgi Briem og Þóra Emilsdóttir keyptu á ferðalagi gjöf sem þótti bera af í ljótleika og smekkleysi. Gjöfin vatt upp á sig og afraksturinn má sjá á sýningu sem verður opin á Menningarnótt.

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is



Að ljótugjafahefðinni standa tvenn hjón, systurnar Þóra og Íris Emilsdætur og makar þeirra, æskuvinirnir Sigurður Grétarsson og Helgi Briem.

„Fyrir eitthvað rúmlega 20 árum vorum við hjónin fyrir framan Sagrada familia-kirkjuna í Barcelona þar sem var verið að selja hræðilega ljótt heimaföndur eða minjagripi fyrir túrista. Í einhverju bríaríi datt okkur í hug að kaupa svona og gefa svila mínum og mágkonu. Þetta þótti mjög fyndið og næst þegar þau fóru til útlanda fundu þau eitthvað enn ljótara til að gefa okkur á móti,“ segir Helgi. „Svo leiddist þetta út í eins konar keppni gegnum árin að finna sem verst gerðan, ljótastan og smekklausastan minjagrip til að gefa hvort öðru. Þetta er orðið dágott safn eins og nærri má geta þannig að okkur fannst að við þyrftum að gera eitthvað meira úr þessu. Tengdamamma er með lítið gallerí á Flókagötunni og við ákváðum að sýna allar gjafirnar núna á Menningarnótt og klára þessa litlu keppni okkar á milli með stæl.“

Leitað hefur verið fanga á mörkuðum og í minjagripaverslunum og þetta getur verið tímafrek iðja. „Lönd eru miserfið,“ segir Helgi. „Skandinavía er til dæmis snúin því það er hræðilega erfitt að finna eitthvað ljótt þar, allt svo hannað og smekklegt eitthvað. Kaþólsku löndin hafa verið auðug uppspretta, endalausir dýrlingar með afhöggna útlimi og blæðandi sár. Ýmsir hlutir þaktir skeljum hafa líka verið vinsælir. Það er allt leyfilegt nema það má ekki vera of stórt og ekki of dýrt.“ Þegar kemur að því að velja sigurvegara í keppninni um allra ljótustu gjöfina sýnist sitt hverjum. „Hver á sitt uppáhald. Ég hef alltaf verið hrifnastur af fótboltamanninum sem enginn veit hver er. Hann virðist eiga að vera spænskur en fannst í kínverskri allrahandabúð. Hann var sá eini sinnar tegundar í búðinni og greinilegt að enginn hafði hugmynd um hver þetta átti að vera.“

Helgi segir upphaf ljótugjafahefðarinnar hafa átt sér nokkurn aðdraganda. „Þetta á sér eiginlega tvær rætur, annars vegar ömmu mína heitna sem gaf svona gjafir við hátíðleg tilefni. Við erum með eina gjöf frá henni á sýningunni, brúðargjöfina til mín og konu minnar sem var á vissan hátt kveikjan að þessari hugmynd. Svo höfum við félagarnir verið að senda hver öðrum ljót póstkort og þess háttar gegnum tíðina. Þetta hefur fylgt okkur í fjölskyldunni nokkuð lengi.“ Ekki hefur verið leitað fanga í íslenskum minjagripaverslunum þótt það hafi komið til tals. „Það stendur manni aðeins of nærri. Maður veit aldrei hvort maður ætti fjölskyldumeðlim eða þekkti einhvern sem hefði búið gripinn til og gæti orðið sár.“

Aðspurður hvort keppninni og hefðinni muni í raun ljúka með sýningunni fer Helgi undan í flæmingi. „Það er ekki alveg ákveðið enn þá. Þetta hefur alltaf verið mjög skemmtilegt en er farið að taka töluverðan tíma af fríinu. Það verður alltaf erfiðara og erfiðara að toppa gjöfina á undan.“

Sýningin „Ljótar gjafir“ verður opnuð á Menningarnótt klukkan eitt í Gallerii PÁ á Flókagötu 41, bakhúsi og stendur til klukkan sex sama dag.



**Helgi Briem í miðjum afrakstri ljótugjafakeppninnar sem hann hefur háð undanfarin tuttugu ár ásamt konu sinni við mágkonu sína og svila.** MYND/EYÞÓR



**Helgi heldur sérstaklega upp á þennan fótboltamann sem enginn veit hver er né fyrir hvern keppir og leikur lítið lag þegar vel liggur á honum.**




**Spánn og fleiri suðlæg lönd hafa reynst gjöfull akur ljótra minjagripa.**




LAGER-
SPRENGJA!
70%
af fatnaði og skóm!
Vorum að taka upp nýja vöru frá Yoek, Elinette, Mos Mosh og Dranella
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Ekkert plast í september

Árveknisátakinu Plastlaus september verður hleypt af stokkunum í fyrsta sinn 1. september. Opnunarhátíð er haldin í dag, þar sem ný vefsíða www.plastlausseptember.is er kynnt til leiks.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Gerum þetta bara.“ Með þessari mjög svo íslensku setningu var markað upphaf átaksverkefnisins Plastlaus september. „Hugmyndin varð til í maí á þessu ári hjá nokkrum nágrannakonum sem fóru að ræða hversu þarft væri að vekja fólk til vitundar um áhrif plasts á umhverfið. Þá kom þessi fleyga setning og boltinn fór að rúlla,“ segir Jóhanna Gísladóttir, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði, sem er formaður stjórnar um Plastlausan september. Fyrirmynd átaksins er ástralska átaksverkefnið Plastic free July sem haldið er árlega í Ástralíu.

Þrátt fyrir stuttan fyrirvara hefur mikið verk verið unnið í undirbúningi átaksins. „Þær byrjuðu á því að hafa samband við aðra aðila í kringum sig sem þær vissu að hefðu mikinn áhuga á umhverfismálum. Þannig kom ég til dæmis inn í verkefnið,“ segir Jóhanna en allar eru konurnar með ólíkan bakgrunn sem hefur nýst vel við skipulagninguna.



Hluti þeirra kvenna sem standa að Plastlausum september. Frá vinstri: Jóhanna Gísladóttir, Elsa Þórey Eysteinsdóttir, Salbjörg Rita Jónsdóttir, Dóra Magnúsdóttir og Kristín Inga Arnardóttir.

## Íslendingar eru plastsóðar

„Tilgangur verkefnisins er að vekja almenning til umhugsunar um plastnotkun og þann plastúrgang sem fellur til daglega,“ segir Jóhanna og játar því að Íslendingar séu talsverðir plastsóðar. „Við erum ekki að endurvinna plastið nógu vel, enda þyrfti þrettán jarðir ef allir ætluðu að lifa eins og Íslendingar. Plastflöskur skila sér ágætlega en þegar kemur að öðru umbúðaplasti er allt of hátt hlutfall sem fer í urðun. Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun falla að meðaltali til 13 kíló af plastúrgangi í hverjum mánuði á íslenskum fjögurra manna heimilum, sem er gífurlegt magn.“

Jóhanna er nokkuð bjartsýn á að átaksverkefnið muni skila árangri. „Það er mikill áhugi og hljómgrunnur í samfélaginu fyrir þessari umræðu núna og því um að gera að hamra járnið meðan það er heitt.“

## Vefsíðan hornsteinn verkefnisins

Í dag, föstudaginn 18. ágúst, verður haldin opnunarhátíð Plastlauss september á Lofti Hosteli. Þar verður meðal annars kynnt til sögunnar glæný vefsíða www.plastlausseptember.is. „Vefsíðan er hornsteinn verkefnisins. Þar verður að finna upplýsingar, hvatningar og ráð um það hvaða skref fólk getur tekið til þess að draga úr plastnotkun sinni,“ segir Jóhanna en fólk frá Umhverfisstofnun sér um að lesa yfir efni síðunnar til að yfirfara staðreyndir.



Átaksverkefnið verður áberandi á samfélagsmiðlunum Facebook, Instagram, Twitter og Snapchat í september en auk þess er ætlunin að standa fyrir tveimur viðburðum í mánuðinum. „Við sjáum fyrir okkur að standa fyrir viðburði þann 16. september á degi íslenskrar náttúru og erum í viðræðum við Umhverfisstofnun, Landvernd og fleiri. Þá er ætlunin að standa fyrir málþingi um plast í lok september.“

Jóhanna hefur trú á að átakið verði árlegt enda sé ekki vanþörf á að vekja Íslendinga af doðanum. „Við munum leggja áherslu á það sem almenningur getur lagt af mörkum. Umhverfisstofnun mun síðan einbeita sér að plasti næstu tvö árin líkt og hún hefur gert með matarsóun undanfarið. Þá verður einnig lögð áhersla á að ná enn betur til fyrirtækja.“







# BAKARÍIÐ

Rúnar Freyr og Logi Bergmann
opna Bakaríið á laugardögum.

ALLA LAUGARDAGA MILLI 09:00 OG 12:00.

HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER

SJÓNVARP
BYLGJAN.IS
ÚTVAPPIÐ
FM 98.9

BYLGJAN
989

# Stjörnumerkin og tískan

Margir kíkja á stjörnuspána sína til að fá innblástur fyrir daginn. Hér er stjörnuspá fyrir haustið þar sem má sjá hverju merkin ættu að klæðast til að takast á við komandi áskoranir og örlög.



Nautið er lífsnautnamerki og kann vel við sig í glæsilegum fötum úr góðum efnum. Nautin munu taka stóru gröfu prjónapeysurnar með trompi og klæðast þeim bæði við síð svört pils og gallabuxur.



Hrúturinn á eftir að fjárfesta í netsokkabuxum sem hann mun nota gríðarlega mikið, hvort sem er við fallega hnésíða blómakjóla eða stutt þröng leðurpils.



Bogmenn, athugið! Þriggja ára þjálfunarbúðir Satúrnusar eru senn á enda og mál að lyfta sér upp. Þú átt skilið að fjárfesta í dásamlegu partídressi því í haust verða endalaus tilefni til að fagna.



Fiskar halda áfram að láta sig dreyma og flæða um allt í náttúrulitum leðurjakka og einhverju nógu töff undir, alveg í takt við tískuna.



Steingeitin vill bera það með sér í klæðaburði hvð hún er jarðbundin og reglusöm. Hún fagnar því velsniðnum fötum í djúpgrænum, vínrauðum og dökkbláum litum sem vaxa á öllum herðatrjám í haust.



Vogin stendur í stórframkvæmdum, bæði í einkalífi og starfi. Hún þarf að koma sér upp skotheldum spjörum sem hægt er að breyta úr fundafatnaði í stuðsett með því einu að skipta um skó og eyrnalokka. Litli svarti kjóllinn er besti vinur vogarinnar í haust.



Ljónið mun eiga rólegt haust og þar sem makindi fara ljóninu einkar vel er nauðsyn að eignast eitthvað sem fer vel í sófanum. Mjúkir þægilegir kjólar og síðar peysur verða aðalmálið og svo auðvitað áberandi skartgripur við því ljónið er nú einu sinni ljón.



Tvíburinn þarf að vera á ferðinni og það þýðir ekki mikið að ætla að skella honum í hælaskó og þröngt pils. Þægilegar gallabuxur, þunnur bolur og fallegur jakki munu fleyta honum gegnum öll helstu tilefni sem haustið býður upp á.



Vatnsberinn er í vinnugírnum þessa mánuðina og stefnir hátt. Hann getur samt aldrei alveg sleppt því að vera pínulítið öðruvísi og þess vegna hentar missíða, ójafna tískan honum svo vel.



Sporðdrekinn er tilfinninganæmasta merkið og þarf því oft að brynja sig. Falleg kápa dregur athyglina frá öðrum fatnaði og sporðdrekinn getur klæðst sínum elskuðu svörtu felulitum undir.



Meyjan verður miðpunktur samkvæmislífsins í haust sem fer henni bara nokkuð vel enda snyrtilegasta merkið. Hún þarf samt að taka smá sjensa og leyfa sér að njóta og þar koma skórnir sterkir inn. Töff og áberandi skór gera öll skynsamlegu fötin hennar mun villtari.



Krabbar eru hlýir, mjúkir og heimilislegir en þegar þeir sletta úr klónum fara þeir alla leið. Haustið verður viðburðaríkt hjá krabbanum og þó hann vilji helst vera heima við finnur hann öryggi í eldrauðum skóm sem minna hann á skelina sína.





# Frisbígolf er vinsæl íþrótt

Vinsældir frisbígolfs hafa aukist mikið á þessu ári bæði hér á landi og víða um heim. Fólk fær góða hreyfingu í þessari íþrótt og hana er auðvelt að stunda. Í sumar hafa tólf nýir frisbígolfvellir bæst við hérlendis en áður voru þeir 30.

Í Noregi hefur þessi íþrótt náð miklum vinsældum og þar í landi eru nú 160 vellir. Norðmenn eiga heimsmeistara í greininni. Mun fleiri vellir eru þó í Svíþjóð og Finnlandi þar sem íþróttin er afar vinsæl. Frisbígolf er fjölskylduíþrótt þar sem allir geta leikið saman. Íþróttin gengur út á að henda frisbídiski í sérútbúna körfu. Leikurinn fer fram úti í náttúrunni. Hægt er að leika frisbígolf einn eða með fleirum. Takmarkið er að kasta disknum í körfuna í sem fæstum skotum og sá vinnur sem þarf fæst skot. Leikmenn taka hvert kast frá þeim stað þar sem diskurinn lenti síðast.

Á heimasíðunni www.folf.is er hægt að kynna sér þessa íþrótt en þar er jafnframt listi yfir velli á Íslandi. Þar segir að frisbígolf sé góð og holl hreyfing sem skerpir neðri og efri hluta líkamans og þróar skottækni og góða einbeitingu.



Frisbígolf er ákaflega skemmtileg íþrótt.

## Hjólað fyrir langveik börn

Einn af ómissandi viðburðum Menningarnætur er góðgerðarakstur á mótorhjólum, þar sem gestum og gangandi gefst færi á að þeysa um á glæstum fararskjótum mótorhjólamanna.

Það er HOG-Chapter Iceland, félag Harley Davidson-eigenda á Íslandi, sem býður einstaklingum að vera farþegar á mótorhjólum sínum í stuttri ferð um miðborgina. Keyrslan hefst við Alþingishúsið við Austurvöll og kostar ferðin 1.000 krónur sem renna óskiptar til styrktar Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum.

Ekið verður frá Kirkjustræti framan við Alþingi, að Suðurgötu, um Skothúsveg og Tjarnargötu, svo um Vonarstræti og Templarasund, og aftur að Kirkjustræti, þar sem reiðin endar.



## Menningarnótt unga fólksins

Á Menningarnótt verður margt skemmtilegt í boði fyrir ungu kynslóðina. Ungir og upprennandi hljóðfæraleikarar munu spila fallega tónlist fyrir gesti og gangandi í Hörpu, nánar tiltekið í Hörpuhorni frá klukkan 13.30 og fram eftir degi. Um er að ræða ungt tónlistarfólk sem hefur setið námskeið á vegum Tónlistarhátíðar unga fólksins undanfarnar vikur. Unga fólkið verður einnig í aðalhlutverki á Klambratúni en þar mun Litli Sirkus kynna töfra sirkussins á nærgætinn hátt með úthald yngstu sirkusgestanna í huga. Hægt verður að sjá fólk og hluti svífa um loftið og litríkar fígúrur sýna ótrúlegar listir með ljúfri og fjörugri sýningu í styttri kantinum. Aðgangseyrir er 2.500 kr. og frítt er fyrir börn yngri en þriggja ára ef þau sitja í fangi foreldra eða forráðamanna. Sýningin er frá 11-12. Þá verður nóg af ratleikjum í boði hér og hvar um borgina. Í Gallerí Fold verður ratleikur kl. 13-15 en í honum felst að finna listaverk sem sýnd eru í galleríinu. Við hvert þeirra er frásögn og í henni bókstafur sem er hluti af orði sem gestir eiga að finna út og er listaverkabók í verðlaun fyrir heppinn þátttakanda. Ratleikur verður í Þjóðminjasafni Íslands og Safnahúsinu við Hverfisgötu með viðkomu við Tjörnina. Í honum verða fuglar skoðaðir bæði úti og inni, lifandi fuglar, beinagrindur og útskornir fuglar. Hægt verður að læra fuglafit og teygjutvist í Þjóðminjasafninu og geta foreldrar rifjað upp gamla takta.




Haustkortið
á tilboði út ágúst 45.900 kr.

*Mikið úrval af frábærum tímum í opna kerfinu!*

Vertu þinn eigin styrktaraðili!

Bjóðum hagstæð kort sem stuðla að betri mætingu og ákveðnari markmiðum.

1-2-3 Nýja þjálfunarkerfi JSB

Við bjóðum röð af fjölbreyttum og krefjandi 30 mínútna tímum sem henta jafnt byrjendum sem lengra komnum. Unnið er út frá eigin getustigi og tekið vel á því. Hægt er að taka einn, tvo, eða þrjá tíma í einu. Hver tími er sniðinn til að mæta þörfum þeirra sem eru í kapphlaupi við klukkuna.

Innritun hafin á öll námskeið í síma 581 3730 og á jsb.is

*Velkomin í okkar hóp!*

LÍKAMSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar til sölu



Glæsilegur Toyota Hilux double cap til sölu. Árgerð 2017. Keyrður 10.000 km. Verð 6.5 milljónir. Uppl. í s. 898 5878



Toyota Rav4. Fengið gott viðhald. Dráttarkrókur og ný sumardekk. Ný vetrardekk fylgja með kaupunum. Verð aðeins 550.000.- Uppl. í s. 898-5878



Benz C 350 Plug in Hybrid 2015 Stw Avantgarde innrétting og útlit. Comfort sætapakki. Harman Kardon sound system. Loftpúðafjöðrun ofl ofl ofl Verð 6,4m. Tilboð 5,8m. Uppl: 899 0410

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni


## Keypt & Selt

### Til sölu

Frystiklefi til flutnings ca. 50 m3, einnig hillur fyrir lagerhúsnæði til sölu. Uppl. veita Stefán s. 862 5940 og Sigurður s. 863 4548

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Skólar & Námskeið

### Námskeið

Hverju vill biblían koma á framfæri við þig? Næsta námskeið hefst þri 22/8. Nánar í S. 867 1640

### Kennsla



**PALACKÝ UNIVERSITY**
in Olomouc í Tékklandi heldur inntökupróf í tannlækningum og læknisfræði 21 ágúst nk. í Reykjavík. Við útskrift frá skólanum fá nemendur full starfsréttindi í EB og EEA.

www.medicineinolomouc.com
http://admission.upol.cz/ fs.
8201071 kaldasel@islandia.is

**LESTRARKENNSLA**
Tek að mér aðstoð og þjálfun í lestri fyrir börn á aldrinum 5-10 ára. Margra ára kennslu reynsla. Uppl. í s. 696 8699



# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn






# Húsnæði

## Húsnæði óskast

**EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK**

**EÐA NÁGRENNI ÓSKAST**

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

Óska eftir geymslu undir búslóð, ca.8fm, á höfuðborgarsvæðinu eða Reykjanesi. Aðgengi fyrir trillu verður að vera til staðar. Vinsamlegast hringið í sima 779-1701.

## Atvinnuhúsnæði

Vantar ca 100 fm húsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Jarðhæð. Upplýsingar:699-6762 eða hreinverk.is - Tómas

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minnа en 7 m2. Ódýrt erfir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**MÓTTAKA**

41 - A Townhouse Hotel, leitar af starfskrafti í móttökustarf með frábæra þjónustulund í skemmtilegt starf. Góð ensku kunnátta skilyrði. Unnið er á vöktum 2-2-3.

Ef þú heldur að þetta sé eitthvað fyrir þig sendu okkur þá ferilskrá á jobs@41hotel.is

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/**

GINGER

**GINGER Í REYKJAVÍK**

Ginger óskar eftir starfsfólki á dagvaktir alla virka daga. Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is

Ginger restaurant is looking for employees on day shifts all weekdays. If you are 18 or older and interested in working at a good restaurant please send your c.v. to brynja@ginger.is

GINGER

**GINGER KEFLAVÍK:**

Ginger óskar eftir starfsfólki á dagvaktir alla virka daga. Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á fitjar@ginger.is

Ginger restaurant is looking for employees on day shifts all weekdays. If you are 18 or older and interested in working at a good restaurant please send your c.v. to fitjar@ginger.is

**GULLNESTI GRAFARVOGI**

Óskum eftir röskum, íslenskumælandi starfskrafti virka daga frá 10-17.

**Upplýsingar í síma 898-9705, Daði**

**STARFSMAÐUR ÓSKAST**

Stundvís, reglusamur starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun og aðstoð við kjötborð, framtíðarstarf. Uppl. Kjöthöllin Háleitisbraut 58-60

**Upplýsingar veitir Sveinn í síma 553 8844.**

**HOTEL RECEPTIONIST**

41 - A Townhouse Hotel is looking for a receptionist/ greeter to join our team. You must be confident and professional, have strong customer service skills and be able to work as a team player. Fluent English required.

If this sounds interesting to you please send your info to jobs@41hotel.is

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háholti 13-15, Mos. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/**

**BOOZTBAR**

Óskar eftir að ráða til starfa gott fólk Dagvinna. Hlutastörf kvöld og helgar. Umsóknum skilað á booztbarinn@booztbarinn.is

Work! Need person with some experience to work on house, concrete and more. Information: 6185286, Þórður.

**TRADEX EHF Í HAFNARFIRÐI**

vantar stundvíst og duglegt starfsfólk í fiskvinnslu og pökkun. Vinnutími frá kl. 7 - 15 virka daga. Umsækjendur sendi umsóknir á tölvupóstinn tradex@tradex.is

**MATSVEIN**

vantar á 150t dragnóta bát til afleysinga næ'stu 2 vikur. S: 899 1185

**HANDFLAKARI ÓSKAST:**

Fiskvinnsla í Hafnarfirði vantar handflakara til starfa. Aðeins vanur flakari kemur til greina. Laust herbergi á staðnum. Vanir flakarar sendi póst á netfangið vinna@hamrafell.is






## Til sölu







Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is


## Skemmtanir





Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

HAPPY HOUR ALLA DAGA!! 16-19

**LEIKIR HELGARINNAR:**

**Laugardaginn 19. ágúst**
11:20 Swansea City - Man. United
13:50 Liverpool - Crystal Palace
16:20 Stoke - Arsenal

**Sunnudaginn 20. ágúst**
14:50 Tottenham - Chelsea

**ROKKSVEIT JONNA ÓLAFS**



spilar um helgina!
Föstudag og laugardag
frá kl. 00 - 03

Allir velkomnir

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

## Fasteignir

# MIÐBÆJARÍBÚÐIR

**Opið hús í Brautarholti 6.**
**Laugardaginn 19 ágúst milli kl. 14.00-15.00**

Glæsilegar fullbúnar útsýnisíbúðir á efstu hæð tilbúnar til afhendingar. Frábærlega skipulagðar stúdíó og 2ja herbergja íbúðir þar sem hver fermeter er nýttur til fulls.

Húsið er staðsett í grónu hverfi á frábærum stað þar sem blandað er saman íbúðum og þjónustu.









Framtíðin

**Möguleiki á allt að 90% fjármögnun.**
Framtíðin býður upp á viðbótarlán sem henta vel með láni frá lífeyrissjóði eða banka.





**Sigfús Aðalsteinsson**
Löggiltur fasteigasali
sigfus@midbaer.is
Sími: 898 9979

**Ingólfur Ingvarsson**
Löggiltur fasteignasali
ingolfur@midbaer.is
Sími: 893 7806

MIÐBÆR Fasteignasala
Vegmúla 2 | 108 Reykjavík | 588 3300 | www.midbaer.is

## Atvinna

**Vísir hf óskar eftir að ráða háseta á Sighvat GK 57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.**

Nánari upplýsingar gefur skipstjóri í síma 856-5770 eða á heimasíðu Vísis
**www.visirhf.is**

VÍSIR

**Vísir hf óskar eftir að ráða vélavörð sem getur leyst af yfirvélstjóra á Kristínu Gk 457. Kristín er línuveiðiskip með beitningarvél.**

Nánari upplýsingar gefur skipstjóri í síma 856-5730 eða á heimasíðu Vísis
**www.visirhf.is**

VÍSIR

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe SAFT



# VINSÆLAR SKÓLATÖLVUR !

tl.is



ASUS

## A8 OG STÓR 512GB SSD

**89.995**

### FRÁBÆR KAUP

ASU-X540YADM075T

FRÁBÆR KAUP. HRAÐVIRKUR 512GB SSD, 8GB VINNSLUMINNI OG FJÖGURRA KJARNA A8 ÖRGJÖRVI TRYGGJA HRAÐA VINNSLU

15,6"
- QUAD CORE
- RADEON R5
- 8GB MINNI
- 512GB SSD



ASUS

## HRAÐVIRK MEÐ INTEL i3

### 8 GB VINNSLUMINNI

ASU-F541UADM1097T

SÉRSTAKLEGA STÓRT VINNSLUMINNI EÐA 8GB, INTEL i3 ÖRGJÖRVI OG 128GB SSD DISKUR TRYGGJA MIKINN VINNSLUHRAÐA OG HRAÐA RÆSINGU.

15,6" FULL HD
- INTEL i3
- INTEL HD 520
- 8GB MINNI
- 128GB SSD

**69.995**



acer

## SKÓLATÖLVA MEÐ SSD Á 54.995 !

### INTEL ÖRGJÖRVI

ACE-NXGFTED007

MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA, FULL HD HÁSKERPUSKJÁ OG 128GB SSD Á ÞESSU ÓTRÚLEGA VERÐI!

15,6"
- INTEL DUAL CORE
- INTEL HD 500
- 4GB MINNI
- 128GB SSD

**54.995**



ASUS

## INTEL i3 OG 256GB

### MIKIÐ FYRIR PENINGINN

ASU-X540LADM687T

GLÆSILEG 15,6" ASUS FARTÖLVA MEÐ INTEL i3 ÖRGJÖRVA, 8GB MINNI OG 256GB SSD DISKI. GLÆSILEGA HÖNNUÐ MEÐ FULL HD HÁSKERPUSKJÁ.

15,6" FULL HD
- INTEL i3
- INTEL HD 5500
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

**79.995**





acer

## SSD FYRIR HRAÐA OG 1TB HDD FYRIR GÖGN

**99.995**

### INTEL I5 KABY LAKE

ACE-NXGE6ED077

SÉRSTAKLEGA KRAFTMIKIL MEÐ INTEL I5 KABY LAKE ÖRGJÖRVA, 6GB VINNSLUMINNI, SSD DISK FYRIR STÝRIKERFIÐ OG 1TB GAGNADISK.

15,6" FULL HD
- INTEL I5
- INTEL HD 620
- 6GB MINNI
- 96GB SSD / 1TB HDD




F-Secure

## VÍRUSVÖRN FYLGIR !

ÁRSÁSKRIFT AF F-SECURE SAFE ÖRYGGISPAKKA MEÐ VÍRUSVÖRN AÐ VERÐMÆTI 5.995 FYLGIR MEÐ ÖLLUM SKÓLATÖLVUM Í ÁGÚST!

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |

## Merkisatburðir

**1477** María af Búrgund giftist Maximilían 1., síðar keisara hins Heilaga rómverska ríkis.

**1685** Loðvík 14. gaf út Fontainebleu-tilskipunina þar sem hann lýsti mótmælendatrú ólöglega og afnam þannig þau réttindi sem húgenottar höfðu fengið með Nantes-tilskipuninni 1598.

**1786** Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi ásamt Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum. Þetta ár voru Íslendingar 38 þúsund, en Reykvíkingar töldust 167.

**1877** Bandaríkjamaðurinn Asaph Hall uppgötvaði Fóbos, annað af tunglum reikistjörnunnar Mars.

**1886** Haldið var upp á afmæli Reykjavíkurkaupstaðar með samkomu á Austurvelli og samsæti á Hótel Íslandi. Bæjarbúar töldust þá vera 3.540.

**1906** Sambandsflokkurinn var stofnaður í Færeyjum.

**1945** Svavar Guðnason, listmálari, sýndi verk sín í Listamannaskálanum og var þetta fyrsta sýning á Íslandi þar sem öll verkin voru abstrakt.

**1954** Minnismerki um Skúla Magnússon landfógeta var afhjúpað í gamla kirkjugarðinum við Aðalstræti í Reykjavík.




✝

Ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Ragnheiður Valtýsdóttir**

lést á heimili sínu fimmtudaginn 10. ágúst 2017. Útförin mun fara fram í Seljakirkju mánudaginn 28. ágúst nk. kl. 13.00.

**Sigurður Þorleifsson**
**Sveinn Valtýr Sveinsson** **Lísa Björg Ingvarsdóttir**
**Bjarki Þór Sveinsson** **Laufey Unnur Hjálmarsdóttir**
**barnabörn.**



✝

**Friðbjörn Jónatansson**

*bóndi á Nípá,*

andaðist 9. ágúst á dvalarheimilinu Hvammi, Húsavík.

Jarðarförin verður að Þóroddsstað laugardaginn 26. ágúst kl. 14.00.

**Aðstandendur**



✝

Bróðir minn og frændi,

**Gunnar Vilhjálmsson**
**(Gunni)**

*Ísafold, Garðabæ,*

kvaddi þann 8. ágúst 2017. Hann var jarðsunginn frá kapellunni í Hafnarfirði. Starfsfólk Ísafoldar og aðrir, kærar þakkir.

**Ásta Vilhjálmsdóttir**
**Ragnheiður Ásta Jóhannsdóttir**
**Berglind Elva Jóhannsdóttir**



✝

Elskulegur faðir minn og afi,

**Kristján Björn Hjaltested**

*matreiðslumaður,*

lést á Fjórðungssjúkrahúsi Vesturlands þann 12. ágúst. Útför hans verður frá Grafarvogskirkju mánudaginn 21. ágúst kl. 15.30.

**Georg Kristjánsson**
**Vaka Ingibjörg Georgsdóttir, Birkir Georgsson, Styrmir Georgsson**



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




**Harmóníkan verður í aðalhlutverki á Bryggjuballi.**

# Harmóníkuhelgi í Norðurfirði á Ströndum

**Nú á laugardaginn fer fram Bryggjuball í annað sinn í Norðurfirði á Ströndum og er það harmóníkan sem er í aðalhlutverki. Dagskráin hefst þó í kvöld með stemmingskvöldi á Kaffi Norðurfirði en svo fer sjálft bryggjuballið fram á vörubílspalli á bryggjusvæðinu.**

Þetta byrjaði bara sem skyndihugdetta í hittifyrra. Mér datt þetta í hug í maí og ákvað bara að framkvæma – það gekk bara rosalega vel. Núna erum við svo að prófa aftur – þetta var ekki í fyrra. Þetta er svolítið hrátt hjá okkur, við erum með vörubílspall og þar er sviðið. Það er auðvitað hljóðkerfi og ljóskastarar. Þetta er úti fyrir, á bryggjusvæðinu,“ segir Linda Guðmundsdóttir frá Finnbogastöðum, sem ætlar, ásamt góðum félögum, að spila á fyrir dansi á Bryggjuballi í Norðurfirði á Ströndum á laugardaginn. Þetta er í annað sinn sem hún reynir þetta og sem fyrr er það harmóníkan sem verður í aðalhlutverki

> Þetta er svona harmoníkuhelgi skilurðu, harmoníkan er aðalmálið.

„Núna í kvöld eru tónleikar og smá skemmtun á Kaffi Norðurfirði, ég held að það byrji um klukkan átta, þetta er svona harmóníkuhelgi skilurðu, harmóníkan er aðal málið. Fólk dansar eða gerir það sem það vill, það er kannski ekkert mikið pláss til að dansa, það syngur bara og verður með stemmingu. Svo eru það Gleðikonurnar, hljómsveitin mín, hún kemur sunnan að. Við erum klesmerband – spilum gyðingatónlist. Það er eitthvað sem hefur ekki heyrst hérna áður og við erum svolítið spenntar fyrir því,“ segir Linda og hlær.

„En svo kemur laugardagurinn og þá er ballið um kvöldið frá tíu til tvö og það er á bryggjunni í Norðurfirði. Það er sjálft Bryggjuballið sko, það er aðalmálið. Það er harmóníkan áfram, það er bara svoleiðis. En þá bætist í hópinn – það koma bæði Þingeyingar og Eyfirðingar, svo bætast við spilarar að sunnan líka. Þannig að þetta verða alvöru bönd. Ætli hvert band spili ekki svona klukkutíma og skiptist svo á. Það er kalt að spila úti og erfitt til lengdar. En þá líka er bara meiri fjölbreytni.“

Hvernig stemmingu má búast við – hvernig var þetta síðast?

„Hún var ótrúlega góð, ég var alveg hissa. Það var skítaveður á okkur – slydda og rok, við vorum í mesta basli við að búa til skjól. En það lygndi nú aðeins rétt fyrir ballið og dró úr úrkomunni og rokinu en það var skítkalt samt. En það var rosagóð stemming, fólk bara var að skemmta sér á fullu.“

Það verður auðvitað að skemmta sér í kuldanum til að halda á sér hita.

„Já, nákvæmlega! Svo höfðum við opið inn í gömlu fiskverkunina sem er undir kaffihúsinu, í kjallaranum í sama húsi. Þar vorum við með borð og stóla, kerti og seríur þannig að fólk gat sest þar inn líka til að hvíla sig. Það voru bara gúmmískór og gönguskór, stígvél, úlpur og vettlingar og allt það. Það var nefnilega svolítið skemmtileg stemming – svolítið hrátt. Spáin núna er góð, það spáir nokkuð góðu veðri. Ég held að það verði aldrei hlýtt að kvöldi til hérna á þessum árstíma, en ef það verður vindlaust, eða lítið og úrkomulaust þá er ég bara sátt. Ég get alveg bókað að það verður betra veður en síðast.“

Ballið byrjar í kvöld á Kaffi Norðurfirði og svo er það bara sjálft Bryggjuballið á laugardaginn.

**stefanthor@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 18. ÁGÚST 1786

## Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi

Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi þennan dag árið 1786, ásamt Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og Vestmannaeyjum. Þeir sem settust að í þessum kaupstöðum fengu ókeypis borgararétt og lóð, byggingarstyrk og undanþágu frá gjöldum til ríkisins í tuttugu ár. Þessa gátu menn, sem voru þegnar annarra ríkja, orðið aðnjótandi ef þeir settust að í íslenskum kaupstað og áttu þrjú þúsund ríkisdala virði. Þó var það skilyrði sett að þeir sem stofnuðu verslun ættu tilskilið magn varnings, ef marka má bókina Öldin átjánda sem Jón Helgason tók saman og Iðunn gaf út árið 1961. Þetta ár voru Íslendingar 38 þúsund en Reykvíkingar töldust 167. Húsin í Reykjavík voru þá 39 talsins



**Reykjavík er orðin eilítið öðruvísi en hún var í kringum 1786.**

GAR! LOKADAGAR! LOKADA

# ÚTSALA!

Allt að

# 60%

Afsláttur

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Áfram verður norðlæg átt í dag, 5-13 m/s en hvassara suðaustanlands. Dregur úr vindi þar seint í kvöld. Rigning með köflum á Norður- og Austurlandi og fremur svalt en úrkomuminna seinnipartinn. Léttskýjað og ágætlega hlýtt sunnan- og vestanlands.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 5 | | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | | | | | | | 6 |
| | 2 | 4 | 6 | 7 | | 3 | | |
| | 4 | 9 | | 3 | | 5 | 1 | |
| | | | | | 7 | 4 | | |
| | | 1 | | | 9 | 8 | | 3 |
| 9 | | 3 | | | | | 5 | |
| | | 2 | | 6 | | | | |
| | 6 | | 2 | | 3 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 3 | | 5 | 1 | 9 |
| | | | 1 | | | 7 | | 4 |
| 5 | | | | | 4 | | | |
| | 9 | | | 6 | | | | |
| | | 8 | | | | 9 | 6 | |
| 2 | 6 | | 9 | 8 | | | | |
| 6 | 1 | | | 2 | | 4 | 5 | 8 |
| | 4 | 5 | | | | | | 6 |
| | | | 6 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | 6 | 1 | 4 |
| | | 9 | | | | | | |
| | | | 7 | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | | | 9 | | 7 | 1 | 3 | |
| 6 | 8 | | 1 | | | | | 9 |
| | 9 | | 8 | | | | 4 | |
| 7 | | | | 1 | | | | 5 |
| 2 | | | | | 5 | 9 | 7 | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skvamp
6. kusk
8. mánuður
9. amboð
11. rómversk tala
12. kál
14. gimsteinn
16. Ætíð
17. angan
18. kerald
20. haf
21. glufa

**LÓÐRÉTT**
1. flauel
3. umhverfis
4. alls
5. festing
7. eilífð
10. skordýr
13. spendýr
15. lítilvægi
16. áverki,
19. frá



**LÁRÉTT: 2.** busl, **6.** ló, **8.** maí, **9.** orf, **11.** mm, **12.** salat, **14.** tópas, **16.** sí, **17.** ilm, **18.** áma, **20.** sæ, **21.** rifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** flos, **3.** um, **4.** samtals, **5.** lím, **7.** óra-tími, **10.** fló, **13.** api, **15.** smæð, **16.** sár, **19.** af.

## Skák Gunnar Björnsson

Garry Kaspaov (2.812) lék síðast 48. Rb4-c6 á móti David Navara (2.737) á hrað- og atskákmótinu í St. Louis.
**Svartur á leik**
**49.... Dxc6+! 50. Dxc6** (50. Kxc6 Hc2+). **50.... Hd6!** Hér uppgötvaði heimsmeistarinn fyrrverandi að hann getur enga björg sér veitt, hristi hausinn ógurlega og gafst upp. Síðasti dagur mótsins er í dag.

**www.skak.is:** Kasparov að tafli.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 9 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


**FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið**

**Hlaupa sama hvað**



**Agnes Ferro, Leifur Grétarsson** og **Gyða Kristjánsdóttir** hlaupa öll til styrktar góðu málefni í Reykjavíkurmaraþoninu. Þau líta öll björtum augum á framtíðina, þrátt fyrir hindranirnar.

**Ég vaknaði einn morgun og vissi að ég vildi eitthvað annað**



**Hanna Styrmisdóttir,** fyrrverandi stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, talar um erfið en skemmtileg ár í starfi fyrir hátíðina. Hún ætlar áfram að vinna að framgangi myndlistarinnar.



**Græn og væn**

**Æ fleiri Íslendingar** velja að neyta lítilla eða engra dýraafurða. Veganistar útskýra lífshætti sína og fjölmargar stefnur innan veganisma.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




20% AFSLÁTTUR
AF SKÓLABAKPOKUM
ÚT MÁNUDAG*
Borealis
VINTAGE WHITE TRICKONOMETRY/ RADIANT YELLOW
9.592 kr.
Fullt verð: 11.990 kr.
THE NORTH FACE
Borealis Classic
TNF RED STICKER BOMB DECAY PRINT/TNF BLACK
9.592 kr.
Fullt verð: 11.990 kr.
Borealis Classic
DARK GREY HEATHER/ MEDIUM GREY
9.592 kr.
Fullt verð: 11.990 kr.
Borealis Classic
CAMO PRINT/ TNF BLACK
9.592 kr.
Fullt verð: 11.990 kr.
Borealis Classic
URBAN NAVY/ EXUBERANCE ORANGE
9.592 kr.
Fullt verð: 11.990 kr.
Borealis Classic
TNF BLACK/WHITE
9.592 kr.
Fullt verð: 11.990 kr.
Berkeley
URBAN NAVY
6.392 kr.
Fullt verð: 7.990 kr.
Berkeley
FALCON BROWN
6.392 kr.
Fullt verð: 7.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÁRNASYNIR




Eldgrillaður KJÚKLINGUR

# Tilboð

## Eldgrillaður kjúklingur og 2 l. af Coca Cola, Zero eða Light

**1.699** kr/pk





kii naturals

### Kii hrökkkex
Frábært með ostunum.



499 kr/stk

### Chocolove XOXOX
Hágæða súkkulaði sem bragð er af.




VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA

### Sósur Hagkaups
Hambó#1, Hambó#2, Benni#1, Benni#2, Sinpip, Kokteil og Spicy Majo.




289 kr/stk

### ProPud
Próteinbúðingur fyrir kröfuharða.




349 kr/stk

### ProPud próteindrykkir
Enginn viðbættur sykur, laktósafrítt.




998 kr/stk

### ProPud ís
Próteinís án viðbætts sykurs. Laktósafrír.

Gildir til 20. ágúst á meðan birgðir endast.

NÝBAKAÐ

# Steinbakað

Súrdeigsbrauð, Parísar Baguette, Rivolibrauð, Bastillubrauð.

- Aldagömul frönsk uppskrift
- Sjávarsalt
- Langtíma kæli hefun

- Steinbakað (gefur bestu gæðin þar sem bakstur fer fram við mjög háan hita)



Fæst í Garðabæ, Spöng, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum, Kringlunni og Eiðistorgi.

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

24 Hagkaup

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

# SMASH STYLE HAMBORGARAR



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

2X100 G
509 kr/pk
verð áður 599

2X120 G
594 kr/pk
verð áður 699

·V·S·O·P·

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



BLANDAÐAR LÆRISNEIÐAR
2.399 kr/kg
verð áður 3.199

·V·S·O·P·

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa



STUTT LAMBALÆRI
1.679 kr/kg
verð áður 2.398

Holta KJÚKLINGUR



ÚRBEINUÐ KJUKLINGALÆRI
1.869 kr/kg
verð áður 2.199

ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans

Úr miðlæri



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

LAMBALÆRIS-SNEIÐAR
2.474 kr/kg
verð áður 3.299

Holta KJÚKLINGUR



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA LUNDIR
1.869 kr/kg
verð áður 2.199



## BONE SUCKIN´

Grill- og marineringarsósur, kryddblöndur og sinnep sem kætir bragðlaukana.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Hvetur fólk til þess að skoða sína eigin skynjun

**Myndlistarmaðurinn Dodda Maggý opnar einkasýningu í Berg Contemporary í dag sem kallast Variations. Dodda Maggý segir listina lífsnauðsynlega svo við séum ekki bara í soðinni ýsu og kartöflum alla daga.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þar sem ég er bæði myndlistarmaður og tónskáld vinn ég mikið á mörkum þessara miðla og sýningin skiptist niður í þrjár seríur sem birtast í vídeói, hljóðverki og prentuðum myndverkum sem vísa talsvert hvert í annað,“ segir myndlistarkonan Dodda Maggý sem í dag opnar einkasýningu í Berg Contemporary við Klapparstíg undir yfirskriftinni Variations. Dodda Maggý bætir við að þessi samvísun á milli seríanna felist bæði í aðferðafræði og vinnuaðferðum.

„Ég er mikið að vinna með hugmyndir tónlistar í myndlist. Bakgrunnur minn er í tónlist þar sem ég byrjaði en fór síðan að læra myndlist og fór þá að fást við vídeóið. Og það var svona einhvern veginn eðlilegt framhald að vinna með vídeóið eins og ég hugsa tónlist. Það eru þessir tímatengdu miðlar sem höfða til mín. Verkin mín eru mjög tímatengd eins og vídeóið og hljóðverkið sem ég er með núna og jafnvel myndirnar, prentverkið, eru líka að fást við hugmyndir, hreyfingu og tónlist og tengjast þannig tímanum.“

